



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Má ég fá nokkur læk hingað?

Um málfar og málnotkun á Fésbókinni

Ritgerð til BA-prófs í íslensku

Atli Týr Ægisson

September 2012

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska

Má ég fá nokkur læk hingað?

Um málfar og málnotkun á Fésbókinni

Ritgerð til BA-prófs í íslensku

Atli Týr Ægisson
Kt.: 130978-3719

Leiðbeinandi: Eiríkur Rögnvaldsson
September 2012

Ágrip

Undanfarin ár hefur samskiptavefurinn *Facebook* verið stór hluti af daglegu lífi Íslendinga. Um leið og við segjum fréttir af okkur sjálfum á þessum vef getum við fengið helstu fréttir af merkilegum og ómerkilegum atburðum sem eiga sér stað í lífi vina okkar og kunningja.

Í ritgerðinni verður vefurinn nefndur upp á íslensku og kallaður *Fésbókin*. Stór hluti af því sem notendur Fésbókarinnar skrifa eru frásagnir af sjálfum sér og því hvernig þeir verja tíma sínum. Hér verður meðal annars skoðað hvernig þessum sjálfssfrásögnum er háttað. Sérstaklega verða teknar fyrir sjálfssfrásagnir sem líta út eins og þær væru í þriðju persónu. Slíkar frásagnir eru vel þekktar í íslenskum bókmenntum, til dæmis í sjálfssævisögum og endurminningum sem skrifaðar voru fyrir miðja 20. öld. Einnig verður málfar almennra netnotenda athugað og skoðað verður að hve miklu leyti hægt er að heimfæra eldri lýsingar á málfari netnotenda upp á Fésbókarnotendur á árinu 2012.

Mörg af einkennum málfarsins á Fésbókinni má einnig finna í málnotkun á eldri netmiðlum, s.s. á bloggi, „MSN“-samtölum og „IRC“-samtölum. En önnur atriði sem nefnd eru í eldri rannsóknum eru dottin úr tísku. Auk þess hafa ný einkenni komið til sögunnar með nýjum samskiptamiðlum á borð við Fésbókina. Slíkt er eðlilegt, þar sem slangur, hvort sem það er notað í talmáli eða á netinu, úreldist mjög fljótt. Þó eru enn fjölmörg atriði sem hafa lítið sem ekkert breyst.

Af sjálfssfrásögnum sem hér verða athugaðar hefur u.p.b. fjórðungur einkenni þriðju persónu frásagna. Tilfinningin sem ég hafði fyrir slíkum frásögnum áður en rannsóknin fór fram var hins vegar sú að þær væru algengari á Fésbókinni en sjálfssfrásagnir í fyrstu persónu, þó að í daglegu máli sé eðlilegra að segja frá sjálfum sér í fyrstu persónu.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	3
1. Inngangur.....	5
1.1 Eldri rannsóknir.....	6
1.2 Skilgreiningar á hugtökum.....	7
1.3 Aðferðin.....	8
2. Mismunandi málaðstæður.....	10
2.1 Ritmál.....	10
2.2 Talmál.....	11
2.3 Netlenska.....	12
3. Einkenni netlenskunnar.....	13
3.1 Áherslur.....	14
3.1.1 Endurtekning bókstafa.....	14
3.1.2 Endurtekning greinarmerkja.....	15
3.1.3 Stórir og litlir stafir.....	15
3.1.4 Fleiri aðferðir.....	16
3.2 Tjáning tilfinninga.....	16
3.2.1 Broskallar.....	16
3.2.2 Sviðslýsingar.....	17
3.2.3 Myndræn tákn.....	18
3.2.4 Hljóðlíkingar.....	19
3.3 Skammstafanir.....	19
3.4 Framburðarstafsetning.....	21
3.5 Sérstakur orðaforði.....	22
3.6 Frjálsleg greinarmerkjanotkun.....	23
3.7 Íslenskar aðstæður.....	24
3.8 Takmarkanir.....	25
3.9 Aðlögunarhæfni.....	26
3.10 Samantekt.....	26
4. Orðfar fésbókarinnar.....	27
4.1 Lengd stöðuuppfærslna.....	27
4.2 Orðflokkar.....	29
4.3 Algengustu orðin.....	30
5. Sjálfssfrásagnir.....	31
5.1 Ég í þriðju persónu.....	31
5.2 Sjálfssfrásagnir á Fésbókinni.....	32
5.3 Nafnorð í stað persónufornafna.....	36
5.4 En hvað svo?.....	37
5.5 Samantekt.....	40
6. Lokaorð.....	41
Heimildaskrá.....	44

1. Inngangur

Andlitsbók, Andlitsskrudda, Andrit, Fasbók, Feis, Feisbúkk, Feisið, Fésbók, Fésið, Flettismetti, Hvarmskinna, Smettisskinna, Smettisskrudda, Snjáldra, Snjáldurskinna, Snjáldurskjóða, Snjáldurskræða, Trjónutuðra, Trýna. Öll þessi orð eru dæmi um íslenskar þýðingar á samskiptasíðunni *Facebook*, teknar úr *Slangurorðabók Snöru*¹. Í þessari ritgerð verður vefurinn nefndur á íslensku og kallaður *Fésbókin*. Vefurinn var tekinn í notkun 4. febrúar árið 2004 og hefur notið vaxandi vinsælda æ síðan.² Íslendingar eru engir eftirbátar annarra þjóða í notkun þessa samfélagsmiðils og hafa tekið þessum samskiptamáta fagnandi. Samkvæmt vefsíðunni *Socialbakers* hafa 217.020 Íslendingar skráð sig inn á þennan vinsæla samskiptavef. Það munu vera rúmlega 70% íslensku þjóðarinnar. Sé tekið mið af höfðatölu er Ísland í fjórða sæti af 213 löndum á listanum yfir flesta Fésbókarnotendur í hverju landi.³ Notendur eru misvirkir á Fésbókinni. Sumir skrá sig aðeins inn til að fylgjast með öðru fólk en aðrir keppast við að setja stöðuuppfærslur, tengla og myndir inn á síðuna – og gera það jafnvel oft á hverjum degi.

En hvernig er málsmið manna á Fésbókinni? Hér á eftir verður gerð tilraun til að svara þeirri spurningu. Ritgerð sem þessi getur vissulega ekki fjallað um öll atriði í málfari Fésbókarnotenda og er því nauðsynlegt að afmarka efnið. Í upphafi verður muninum á ritmáli og talmáli lýst og fjallað verður um málfar sem tíðkast meðal netnotenda, svokallaða netlensku, sem hefur bæði einkenni talmáls og ritmáls. Næst verður almennri málnotkun netnotenda lýst og athugað hvort og þá hvernig hægt er að heimfæra lýsinguna upp á íslenska Fésbókarnotendur. Að því loknu verður Fésbókin tekin fyrir sérstaklega. Helstu einkenni á stöðuuppfærslum verða skoðuð. Athugað verður hvernig orðanotkun þar er háttað og skoðuð verða algengustu orð sem notuð eru. Að síðustu verður athugað hvernig notendur segja frá sjálfum sér og verður athyglinni þá einkum beint að sjálfsfrásögnum í þriðju persónu. Tilfinning höfundar áður en rannsóknin fór fram var sú að notendur Fésbókarinnar segðu meira frá sér í þriðju persónu en í fyrstu persónu. Við nánari athugun kom hins vegar í ljós að svo reyndist ekki vera.

1 Sjá: <http://slangur.snara.is>.

2 Dagsetningin er samkvæmt upplýsingum frá *Wikipedia*: <http://en.wikipedia.org/wiki/Facebook>.

3 Upplýsingarnar eru frá 6. september 2012. Socialbakers sérhæfir sig í markaðsrannsóknum og markaðssetningu á samfélagsvefjum á borð við Fésbókina. Sjá: <http://www.socialbakers.com/>.

1.1. Eldri rannsóknir

Málfar á Fésbókinni hefur lítið verið rannsakað hér á landi. Stafar það líklega af því að Fésbókin er tiltölulega nýr samskiptamiðill. Umfjallanir um orðanotkun á Fésbókinni og áhrif hennar á tungumálið hafa fyrst og fremst komið fram í formi blaðagreina og greina á vefnum. Árið 2011 fjallaði Ben Zimmer t.d. um hvort að Fésbókin hefði gengisfellt orð og orðasambönd á borð við *vinur* og *líka við eitthvað*. Zimmer telur að menn hafi líklega of miklar áhyggjur af áhrifum Fésbókarinnar á tungumálið og að menn muni halda áfram að tjá sig á eðlilegan hátt utan netheima þrátt fyrir að frásagnir á Fésbókinni séu í hálfgerðum símskeytastíl.

Málfar netnotenda almennt hefur hins vegar töluvert verið rannsakað, enda hefur netið verið opið almenningi um allan heim undanfarin 20 ár eða þar um bil. Þess vegna er skiljanlegt að menn vilji vita hvernig netnotendur nota tungumálið. Málfræðingurinn David Crystal hefur fjallað töluvert um málfar netnotenda. Árið 2001 gaf hann út bókina *Language and the Internet*. Þar er lýst ýmsum einkennum á málnotkun netnotenda. Þó að meira en áratugur sé liðinn frá útgáfu bókarinnar má sjá að ýmis einkenni á málfarinu eru enn svipuð og þeim var lýst árið 2001. Einnig má nefna bókina *Writing and Digital Media*, sem Mariëlle Lejten, Christine M. Neuwirth og Luuk van Waes (2006) ritstýrðu. Hún inniheldur ýmsar greinar um rannsóknir á málnotkun netnotenda. Þar er einkum að nefna tvær greinar sem fjalla um svipað efni og tekið er fyrir í þessari ritgerð. Annars vegar er það grein eftir Ylva Hård af Segerstad og Sylvana Sofkova Hashemi (2006) og hins vegar grein eftir Rivka Niesten og Roland Sussex (2006).

Hård af Segerstad og Hashemi rannsókuðu ritmál sænskra grunnskólabarna á aldrinum 10-15 ára og athuguðu meðal annars hvort að ritmál sem þau notuðu í frítíma sínum (þ.e. við alls kyns athafnir á netinu) hefði einhver áhrif á ritmál sem þau notuðu í skólanum. Þar kom fram að flest börnin voru meðvituð um muninn á þessum tveimur ritmálsgerðum og notuðu ekki sama ritmálið í skólanum og þau notuðu í frítíma sínum.

Niesten og Sussex fjalla um rauntímasamtöl enskumælandi netnotenda, hvernig þeir leika sér með tungumálið og búa sér jafnvel til ný orð eftir þörfum. Sumir af þessum orðaleikjum gleymast fljótt, en aðrir hafa haldið velli allt til dagsins í dag. Þar má nefna ýmsar tegundir skammstafana, afbrigðilega stafsetningu og tilfinningatákn. Um öll þessi atriði verður fjallað nánar hér á eftir.

Rannsóknir á málnotkun íslenskra netnotenda er einkum að finna í lokaverkefnum nemenda á háskólastigi. Að auki hafa verið skrifaðar blaðagreinar um sama efni. Árið

1997 athugaði Kjartan Jónsson málfar netnotenda á spjallrásum netsins, öðru nafni „IRC-inu“, þar sem samtöl áttu sér stað í rauntíma. Tíu árum síðar, árið 2007, kannaði Lára Kristín Unnarsdóttir talmálsáhrif í netspjalli. Var þar einnig um að ræða samtöl í rauntíma, með hjálp spjallforrita á borð við „MSN-messenger“. Björg Bjarnadóttir rannsakaði málfar á íslenskum bloggsíðum árið 2006. Blogg er dagbókarform á netinu, þar sem notendur geta skrifað persónulegar færslur um það sem drífur á daga þeirra, hversdagslegar hugleiðingar, stuttar ritgerðir og í raun hvað sem þeim dettur í hug (sbr. Daði Ingólfsson 2003). Lýsingar á málnotkun á þessum miðlum eru í grófum dráttum þær sömu. Mikið er um erlendar slettur og tökuorð en einnig hafa notendur búið til íslensk nýyrði eða lagað erlend orð að íslensku eftir því sem þörf og aðstæður krefjast. Þar er einnig að finna ýmsar afbrigðilegar útgáfur af stafsetningu. Algengt er að orð séu skrifuð eins og þau eru borin fram og notkun greinarmerkja er mjög frjálsleg. Málnotkunin á þessum miðlum er um margt lík talmáli þó að um ritað mál sé að ræða.

Málfar íslenskra Fésbókarnotenda hefur hins vegar lítið verið rannsakað. Þó skal nefnd hér til sögu ritgerð Evu Aspar Matthíasdóttur (2010), þar sem málfar nokkurra unglunga á Fésbókinni er rannsakað. Niðurstöður hennar um málfar og málnotkun eru að að það sé í meginatriðum hið sama og í rauntímaspjalli og á blogginu samkvæmt lýsingunum hér að framan. Það sýnir hversu vel er hægt að færa málsniðið á milli samskiptamiðla eftir því sem nýir miðlar koma fram.

1.2 Skilgreiningar á hugtökum

Hér á eftir verða skilgreind nokkur hugtök sem til umfjöllunar verða í ritgerðinni.

Stöðuuppfærsla (Status/Status update) er texti sem notendur Fésbókarinnar skrifa í þar til gerðan *stöðuuppfærsluglugga* eða *-reit*. Í íslenskri útgáfu Fésbókarinnar er reiturinn merktur með spurningunni „Hvað liggar þér á hjarta?“ Þar geta notendur skrifað hvað sem þeim dettur í hug og deilt hugleiðingum sínum með öðrum notendum (Fésbókarvinum sínum). Í þessari ritgerð verða orðin *stöðuuppfærsla*, *uppfærsla* og *færsla* notuð jöfnum höndum.

Ummæli/athugasemd (Comment): Þegar notendur hafa skrifað stöðuuppfærslu geta aðrir Fésbókarnotendur skrifað athugasemdir við þær og verða ummælin sýnileg öllum öðrum notendum sem höfundur stöðuuuppfærslunnar er tengdur. Þannig geta margir notendur spjallað saman. Samtalið getur teygt sig yfir nokkra daga, jafnvel yfir nokkra mánuði, eftir því hversu langur tími líður milli þess sem notendur leggja eitthvað til málanna.

Tengill/vefslóð: Hægt er að afrita vefslóð úr vefslóðarstikunni í netvafranum yfir í stöðuuppfærslureitinn ásamt ummælum um vefslóðina. Þannig geta notendur deilt með sér vefsíðum sem þeir telja áhugaverðar. Sé veffang Háskóla Íslands skrifað sem texti í stöðuuppfærslu birtist tengill yfir á heimasíðu háskólans. Flestar vefsíður bjóða nú upp á þann möguleika að deila vefslóðinni með nokkrum músarsmellum á tölvunni.

Myndateksi er hvers konar texti sem notendur skrifa við myndir sem þeir birta á Fésbókinni. Yfirleitt er um að ræða einhvers konar lýsingu á myndefninu.

Lesmálsorð er hvert og eitt orð sem kemur fyrir í textanum. Sem dæmi má nefna að í málsgreininni hér á undan eru ellefu lesmálsorð.

Orðmynd er ritmynd orðanna sem koma fyrir í textanum, óháð merkingu og beygingu. Orðin *minni* og *minnis* eru tvær orðmyndir nafnorðsins *minni*. En *minni* getur einnig verið orðmynd af lýsingarorðinu *lítill*.

Flettiorð eru orð sem búið er að skipta niður í orðflokk, eins og þeim væri raðað niður í orðabók. Einnig getur kyn nafnorða skipt máli. Til dæmis getur orðið *hlið* bæði verið í kvenkyni og hvorugkyni og haft ólíka merkingu þó að orðmynd þess sé stundum sú sama.

1.3 Aðferðin

Dæmunum sem unnið verður úr í ritgerðinni var safnað saman á tímabilinu frá 14. febrúar til 31. maí árið 2012, að báðum dögum meðtoldum. Um er að ræða dæmi frá öllum tengiliðum höfundar af Fésbókinni, rúmlega 450 manns. Þess ber þó að geta að sumir úr þessum hópi voru alveg óvirkir og skrifuðu ekki neinar stöðuuppfærslur á þessu tímabili en aðrir tjáðu sig nær daglega á þessum vettvangi, stundum oft á dag. Í dæmunum er hvorki tekið tillit til kyns né aldurs viðkomandi. Til að ekki verði hægt að rekja dæmin til einstakra aðila verður öllum nöfnum sleppt úr dæmunum eða þeim breytt, nema ef viðkomandi skrifar um þjóðþekktar persónur. Nöfn þeirra sem skrifuðu stöðuuppfærslur verða ekki heldur birt. Til að ná sem mestri fjölbreytni í dæmunum var ákveðið að a.m.k. tveir klukkutímar þyrftu að líða á milli þess sem dænum var safnað. Í hvert sinn sem síðan var skoðuð voru fimm efstu dæmin afrituð. Því má segja að um nokkurs konar slembiúrtak úr stöðuuppfærslum sé að ræða. Hér er um að ræða texta úr stöðuuppfærslum, texta við myndir og texta/athugasemdir við tengla og vefslóðir. Safnið takmarkast við texta sem eru á íslensku eða þar sem íslenska er meginuppistaðan í textanum. Þannig fá slettur og afbrigðileg stafsetning íslenskra og erlendra orða að vera með. Það skal tekið fram að stöðuuppfærslur sem teknar verða sem dæmi um

tiltekin atriði hér á eftir eru eins og þær voru skrifaðar. Hvorki hefur verið hróflað við orðalagi né stafsetningu.

Einnig ber að geta texta af síðunni sem eru ekki með í dæmasafninu. Í fyrsta lagi eru athugasemdir við stöðuuppfærslur ekki með í safninu. Í öðru lagi er svokölluðum fjöldauppfærslum sleppt, þ.e. stöðuuppfærslum sem notendur eru hvattir til að afrita og deila með sem flestum. Hægt er að flokka slíkar stöðuuppfærslur sem *Spam*, samkvæmt umfjöllun David Crystal. *Spam* eru skilaboð sem eru send til margra notenda í einu án þess að þeir biðji sérstaklega um þau. Í upphafi var skilaboðunum ætlað að auglýsa vörur eða þjónustu en síðar var farið að nota orðið um hvers kyns óumbeðin skilaboð á tölvutæku formi (sjá Crystal 2001: 53-54). Dæmi um slíkar uppfærslur er málsgrein á borð við þessa, sem gekk manna á milli á Fésbókinni í lok maí og byrjun júní 2012:

Ég er að athuga hverjir lesa það sem ég hef fram að færa. Ef þú lest þetta, skrifaðu þá eitt orð sem athugasemd hér fyrir neðan og láttu þriðja stafinn í nafninu þínu mynda það lýsingarorð sem hæfir mér. Aðeins eitt orð takk. Afritaðu þetta svo á vegginn þinn svo að ég geti látið þig fá orð á móti.

Í þriðja lagi eru stöðuuppfærslur sem innihalda eingöngu beinar tilvitnanir, s.s. í bloggsíður, fréttir, dægurlagatexta og stjörnuspár. Í fjórða lagi eru stöðuuppfærslur frá fyrirtækjum og stöðuuppfærslur sem settar eru inn sérstaklega í auglýsingaskyni og að lokum var færslum sleppt ef þær innihéldu eingöngu upphrópanir, á borð við *Hahahaha*, *OMG* og *LOL*.

Dæmin í safninu sem athugað verður eru samtals 1.000 og innihalda 16.973 lesmálsorð. Þegar búið var að safna dæmunum saman var búin til orðtíðniskrá með forritinu *AntConc*.⁴ Með hliðsjón af henni var orðunum skipt niður í orðflokk. Þannig mátti sjá hvaða orðflokkar voru algengastir og hvaða orð voru algengust. Einnig var lengd hverrar færslu athuguð með orðatalningu í ritvinnsluforriti, bæði með tilliti til orðafjölda og slagafjölda. Að lokum var dæmunum 1.000 skipt í þrjá flokka eftir því hvort höfundar beindu athyglinni að sjálfum sér eða einhverjum öðrum. Í fyrsta flokkinn fóru dæmi þar sem notendur skrifuðu sannarlega um sjálfa sig og eru sjálfir í aðalhlutverki í frásögninni. Sá flokkur inniheldur 388 færslur. Í annan flokkinn fóru uppfærslur þar sem notendur segja frá einhverjum öðrum en sjálfum sér. Hann er stærstur þessara þriggja flokka og inniheldur 426 færslur. Þriðji flokkurinn er „hvorkiné“-flokkur og inniheldur færslur þar sem óljóst er hvort notendur beina athyglinni að sjálfum sér eða einhverju öðru. Í þann flokk fóru 186 færslur. Má þar til dæmis nefna færslur þar sem höfundar segja frá sjálfum sér en eru þó ekki sjálfir miðpunktur

4 Hægt er að nálgast forritið á síðunni <http://www.antlab.sci.waseda.ac.jp/software.html>.

frásagnarinnar. Dæmi um það mætti nefna færslu eins og: „Það er ekki bara íslenski hesturinn sem er lítill. Ég rakst á þessa dverga í Austur-Pýskalandi um síðustu helgi.“ Þarna segir höfundurinn vissulega frá sjálfum sér, en hann er þó ekki í aðalhlutverki í frásögninni.

Að lokum voru dæmi úr fyrsta floknum skoðuð sérstaklega til að athuga hvort að fólk segði frá sjálfu sér í fyrstu persónu eða þriðju persónu.

2. Mismunandi málaðstæður

Tungumálið gerir fólk kleift að tjá sig með tvenns konar hætti: með ritmáli eða talmáli. Stærstur hluti af tjáningarmáta netsins er á skrifuðu máli, en þetta skrifaða mál hefur þó ýmis einkenni talmáls. Þó getur verið villandi að fjalla eingöngu um talmál og ritmál. Í hugum flestra er ritmál hvers kyns skrifaður texti, hvort sem hann er á blaði eða á tölvuskjá. Talmál er sömuleiðis allt sem sagt er, hvort sem það er lesið af blaði eða hugsað um leið og það er sagt. Þess vegna mætti spryja hvort undirbúin ræða sem lesin er af blaði sé í raun talmál. Eða er blaðaviðtal þar sem ummæli eru höfð beint eftir viðmælandanum í reynd ritmál? Talmál í útvarpi má til dæmis ekki vera of líkt stíl ritmáls. Ari Páll Kristinsson hefur minnst á að margir geri sér ekki nógu góða grein fyrir því og þess vegna líkist framsetning í útvarpi oft upplestri á skýrslu sem skrifuð er með lesanda í huga frekar en hlustanda (sjá Ari Páll Kristinsson 1998: 16). Vegna þess að mörk á milli talmáls og ritmáls eru ekki alltaf skýr hefur oft verið talað um undirbúið mál og óundirbúið mál (sbr. Þórunn Blöndal 2005: 26). Undirbúið mál hefur fleiri einkenni ritmáls en óundirbúið mál hefur fleiri einkenni talmáls. Hér verður sú skipting ekki notuð, heldur verður fjallað um talmál eða talmálseinkenni og ritmál eða ritmáls-einkenni. Áður en lengra er haldið er e.t.v. rétt að fjalla um einkenni ritmáls annars vegar og talmáls hins vegar og að lokum athuga hver einkenni netlenskunnar eru samkvæmt David Crystal (2001), Patricia Marks Greenfield og Kaveri Subrahmanyam (2003).

2.1 Ritmál

Venjulegt ritmál er hvorki bundið við stað né tíma. Með því er átt við að hægt er að nálgast texta sem skrifaðir voru fyrir mörgum öldum ef þeir hafa varðveist. Með réttum aðferðum er hægt að varðveita ritmálið í margar aldir. Ritmál er sett fram með lesendur í huga og auðveldar fólk að meðtaka flóknar setningar. Í eðli sínu leyfir ritmálið flóknari

umfjöllun og framsetningu en talmálið (sjá Ari Páll Kristinsson 1998: 15). Höfundur textans er venjulega fjarlægur lesandanum og veit yfirleitt ekki hver kemur til með að lesa textann. Þess vegna er ekki hægt að treysta því að höfundur og lesandi skilji textann á sama hátt. Yfirleitt líður einhver tími á milli þess sem textinn er saminn þar til að hann kemst til lesandans. Lesandinn getur ekki sýnt höfundinum viðbrögð við textanum um leið og hann er lesinn. Fjarlægð milli höfundar og lesanda gerir það einnig að verkum að í formlegu ritmáli forðast höfundur að nota orð sem vísa með einhverjum hætti í stað eða tíma. Hægt er að lesa textann aftur og aftur og greina hann og túlka með ýmsum hætti. Ritmál einkennist oft af löngum og flóknum setningum og málsgreinum, sem geta orðið nokkrar blaðsíður að lengd. Ritmálið inniheldur yfirleitt fullbúnar og heilar setningar (sbr. Greenfield og Subrahmanyam 2003: 722). Skil milli málsgreina og setninga eru yfirleitt skýr, þau eru táknuð með ýmsum greinarmerkjum. Höfundur textans getur komið í veg fyrir að villur, s.s. stafsetningar-, málfræði- og staðreyndavillur slæðist með í textanum með því að lesa hann yfir áður en hann er gefinn út. Þannig tekur lesandinn ekki eftir villum sem höfundurinn hefur gert á meðan textinn var skrifður. Sömuleiðis tekur lesandinn ekki heldur eftir því þó að höfundurinn hafi verið truflaður eða tekið sér hvíld frá skriftum. Sérkenni ritmálsins eru blaðsíðuskil, línur, stórir og litlir stafir, stafabil og greinarmerki. Upphrópunarmerki, spurningarmerki og ská- og feitletrun eru meðal fárra tákna sem notuð eru til að gefa hljóðfall í textanum til kynna.

2.2 Talmál

Öfugt við ritmálið eru samræður í formi talmáls bæði bundnar við stað og tíma. Orð sem einu sinni eru sögð eru horfin og geymast hvergi nema e.t.v. í minni þeirra sem tóku þátt í samtalinnu (að því gefnu að samtalið sé ekki skráð með hljóð- eða myndbandsupptökubúnaði). Talmálið verður að vera einfalt í sniðum til að viðmælendur og hlustendur átti sig á því sem sagt er og tapi ekki þræðinum í löngum setningum (sbr. Ari Páll Kristinsson 1998: 16). Til að samtal geti átt sér stað þurfa þátttakendur að vera staddir á sama stað á sama tíma eða heyra hvor eða hver í öðrum (t.d. í símtölum). Sendandinn fær strax viðbrögð frá viðmælandanum við því sem sagt er, jafnvel áður en hann hefur lokið máli sínu. Venjulega gefst þátttakendum í talmálssamræðum líttíll tími til að hugsa hvað þeir segja í samtalinnu og þess vegna eru ýmiss konar hikorð og uppfyllingarorð algeng í slíkum samræðum (t.d. *bú veist, sko, skilurðu o.fl.*). Af sömu ástæðu er talmál yfirleitt talið óformlegra en ritað mál. Öfugt við ritmálið inniheldur

talmálið oft ófullkomnar og ókláraðar setningar (sbr. Greenfield & Subrahmanyam 2003: 722). Viðmælendurnir sjá yfirleitt hvor/hver annan og geta þannig gert merkingu orða sinna nákvæmari með alls konar handahreyfingum, líkamstjáningu og svipbrigðum. Einnig er auðveldara að nota ábendingarfornöfn og atviksorð sem vísa í stað og tíma heldur en í ritmáli. Setningar eru yfirleitt einfaldar í uppbyggingu og oftast styttri en í ritmálínus. Þó geta þær einnig orðið nokkuð langar, ef viðkomandi hefur mikið að segja. Algengt er að folk noti alls konar klúryrði og slangurorð sem finnast yfirleitt ekki í ritmáli. Sendandinn getur endurhugsað setninguna á meðan viðmælandinn er að hlusta. Hann getur byrjað upp á nýtt, en viðmælandinn tekur eftir því ef sendandinn gerir einhverjar mál- eða staðreyn davillur. Einnig tekur viðmælandinn eftir því ef sendandinn gerir hlé á máli sínu eða verður fyrir einhvers konar truflun í miðri setningu. Séreinkenni talmáls eru ýmis blaðbrigði sem hægt er að gera með röddinni. Hægt er að leggja áherslu á einstök orð með líkamstjáningu, auk þess sem hægt er að segja orðin skýrar, hærra eða í öðrum tónum sem ekki er hægt að tákna með ritmáli.

2.3 Netlenska

Í bókinni *Language and the Internet* fjallar David Crystal (2001) um tegund tungumáls sem notað er á netinu. Þetta tungumál kallar hann *Netspeak*, sem á íslensku væri hægt að kalla *netlensku*. Netlenskan er nokkurs konar blanda af skrifuðu máli og talmáli. Hana er hægt að nota með mismunandi hætti og við mismunandi aðstæður. Crystal fjallar um fimm tegundir athafna eða aðstæðna þar sem netlenskan er notuð. Þessar aðstæður eru: Tölvupóstur (*E-mail*), spjallþræðir (*asynchronous chatgroups*), spjall í rauntíma (*synchronous chatgroups*), sýndarheimar (*virtual worlds*) og vefurinn (*World Wide Web*).

Segja má að á Fésbókinni sameinist a.m.k. ferner af þessum fimm aðstæðum. Ef notendur Fésbókarinnar eru ótengdir er hægt að senda þeim einkaskilaboð. Næst þegar notandinn skráir sig inn á vefinn fær hann tilkynningu um að hans bíði ný skilaboð. Einkaskilaboðum á Fésbókinni svipar bæði til tölvupóstskilaboða og spjallþráða þar sem samræðurnar geta tekið langan tíma. Notendur geta einnig stofnað til samtala í rauntíma og þurfa þá allir að vera skráðir inn á vefinn á sama tíma til að geta tekið þátt í þeim. Það geta hvort tveggja verið munnleg og skrifleg samtöl. Vefsamtöl á milli margra notenda í formi spjallþráða geta einnig farið fram á Fésbókinni, til dæmis sem athugasemdir við stöðuuppfærslur. Notendur geta lagt eitthvað til málanna, skráð sig út

af vefnum og halddið áfram að fylgjast með umræðunum síðar. Að lokum má svo nefna sömu aðstæður og vefurinn (*World Wide Web*) býður upp á. Textar, myndir og tenglar sem notendur setja inn á síður sínar eru opin öðrum. Fésbókin er þó frábrugðin mörgum öðrum vefsíðum að því leyti að notendur geta stjórnað því hverjir sjá efnið þeirra, til dæmis með því að stilla hvaða tengiliðir á Fésbókinni sjá færsluna áður en hún er birt.⁵

3. Einkenni netlenskunnar

Í þessum kafla verður fjallað um helstu einkenni netlenskunnar eins og Crystal (2001) og Greenfield og Subrahmanyam (2003) lýsa þeim. Athugað verður hvernig málfarið á Fésbókinni samræmist þessum lýsingum. Stöðuuppfærslur úr dæmasafninu verða teknar sem dæmi þegar við á til að útskýra einkennin nánar.

Netlenskan er, eins og áður segir, nokkurs konar samþland af ritmáli og talmáli. Hún er þó nær því að vera ritmál með einkenni talmáls en talmál með einkenni ritmáls (sbr. Crystal 2001: 47). En um leið er hún meira en sameinað talmál og ritmál, því hún býður upp á hluti sem hvorki er boðið upp á í venjulegu tal- né ritmáli. Sumir hafa talað um netlenskuna sem nýja og sjálfstæða tegund samskipta, hún sé í raun hrein viðbót við ritmálið og talmálið (sbr. Crystal 2001: 48, Greenfield og Subrahmanyam 2003: 722). Höfundar texta á vefsíðum vita ekki hverjir koma til með að lesa textann. Þess vegna reyna þeir yfirleitt að halda ákveðinni fjarlægð á milli sín og lesenda með formlegri málnotkun en í talmáli. Slíkt er þó ekki algilt. Crystal tekur ýmsar sölusíður á netinu sem dæmi um það hvernig ritmálið er nær talmálssamskiptum.

Önnur tegund ritmáls er notuð í tölvupóstsamskiptum og í netspjalli. Þessar aðstæður eru að mörgu leyti líkari talmáli. Greenfield og Subrahmanyam (2003: 727) líkja netspjalli í rauntíma við umræður á árshátíðum eða samkomum, þar sem margir eru saman komnir. Þar geta mörg samtöl átt sér stað samtímis, fólk skiptir sér niður í misstóra hópa og menn geta fylgst með spjalli mismunandi hópa án þess að taka beinan þátt í samræðunum. Fólk getur komið inn í miðjar samræður hvers hóps og jafnvel tekið þátt í mörgum samræðum á sama tíma. Eins og í talmálssamræðum krefst texti í tölvupósti og netspjalli svars innan ákveðins tíma. Samskipti í tölvupósti og netspjalli eru einnig bundin í tíma. Þau eru skammlíf vegna þess að hægt er að eyða ummerkjum þeirra eftir að samtalinn lýkur. Notkun málsins við þessar aðstæður einkennist af frekar stuttum og einföldum setningum. Fæstir netnotendur hirða um að leiðréttu mál- og

⁵ Upplýsingar frá *Wikipedia*: <http://en.wikipedia.org/wiki/Facebook>.

stafsetningarvillur sem þeir kunna að gera, öfugt við það sem gerist í formlegu ritmáli. Þannig má auka hraða samskiptanna og stytta tímann sem líður á milli móttöku skilaboðanna og svarts við þeim.

3.1 Áherslur

Vegna þess að netlenska og spjall á netinu byggjast fyrst og fremst á skrifuðum texta hafa netnotendur fundið upp ýmsar aðferðir við að leggja áherslu á mál sitt. Augljóslega er ekki hægt að koma svipbrigðum, hljóðfalli eða líkamstjáningu til skila með skrifuðum texta. Hins vegar er hægt að breyta útliti textans eða nota afbrigðilega stafsetningu og þannig gefa til kynna á hvaða orð ætlast er til að lesendur leggi áherslu. Þess ber þó að geta að þó að þessar aðferðir séu algengar meðal netnotenda eru þær mun eldri en sjálf netlenskan.

3.1.1 Endurtekning bókstafa

Ein af aðferðum sem netnotendur hafa fundið upp til að leggja áherslu á orð sín er að endurtaka ákveðna stafi í þeim. Þannig er gefið til kynna að dvalið sé lengur við viðkomandi hljóð við upplestur heldur en gert væri ef orðið væri skrifað á hefðbundinn hátt. Dæmi um slíka aðferð eru:

Fjöldi sömu tákna í röð er tilviljanakenndur og virðist fyrst og fremst fara eftir því hversu lengi menn halda viðkomandi hnappi niðri á lyklaborðinu. Algengara er að nota sérhljóða við þessa aðferð heldur en samhljóða. Í dæmi (5) koma fyrir fjórtán stafir sömu gerðar í röð. Sjaldgæft er að stafir séu endurteknir svo oft þegar þessi aðferð er notuð. Yfirleitt er hver stafur ekki endurtekinn oftar en átta til tíu sinnum. Það gæti bent til þess að netnotendur hafi komist að einhvers konar þegjandi samkomulagi um hvað þykir innan „eðlilegra“ marka í bessum efnum. Mörkin á milli þess „skynsamlega“ og

„óskynsamlega“ eru þó nokkuð óljós.

3.1.2 Endurtekning greinarmerkja

Í dæmi (3) hér að framan kemur fram önnur aðferð til áhersluauka. Hún er sú að endurtaka greinarmerki. Hér er um að ræða greinarmerki sem þekkt eru úr hefðbundnu ritmáli. Fleiri dæmi um þessa aðferð eru:

(5)	Frumsýning á La Boheme í kvöld og það er einmitt eitt af því sem er ekkert sérlega leiðinlegt ! Hér sé stuð !!!!!
(6)	dreymdi risaeðlur, dreka, tröll og dverga í nótt... Hvað er það???
(7)	Mér er svo illt í puttunum!!!! Óska eftir iðnaðarmannasiggi, takk!

Í þessum dæmum má sjá allt að sex greinarmerki sömu tegundar í röð. Því fleiri sem upphrópunarmerkin eru, því sterkari virðist upphrópunin vera. Og því fleiri sem spurningarmerkin eru, því stærri er spurningin sem spurt er. Í *Auglysingu um greinarmerkjasetningu* er hvergi tekið fram að slík endurtekning sé bönnuð en mörgum finnst hún eflaust gera stílinn óformlegri. Fjöldi greinarmerkja í röð virðist vera nokkuð tilviljanakenndur og virðist fyrst og fremst fara eftir því hversu lengi notendur eru með fingurna á lyklaborðinu, eins og reglan virðist vera um fjölda endurtekina bókstafa.

3.1.3 Stórir og litlir stafir

Þriðja aðferðin til áhersluauka er sú að skrifa áhersluorðið með stórum stöfum. Þegar orð eru skrifuð eingöngu með stórum stöfum er líklega ætlast til þess að þau séu lesin með hærri rómi en venjulega, jafnvel öskruð frekar en töluð. Einnig gæti þessi aðferð gefið til kynna að orðin eigi að lesa skýrar en önnur orð (sbr. Crystal 2001: 35).

Notkun stórra stafa er ekki eingöngu ætlað að gefa textanum aukin talmálseinkenni, heldur hafa þeir einnig sjónrænt gildi. Slík notkun sést í mörgum vörumerkjum, þar sem stórum og litlum stöfum er blandað saman, og virðist henni ætlað að draga athygli að viðkomandi orði. Nokkur dæmi um slíkt eru orðin *iPad*, *iPhone*, *SkjárnEinn* og *PoppTíví*. Sumir útlitshönnuðir amast við þessari notkun en hún er engu að síður útbreidd (sbr. Crystal 2001: 87). Í athugun Greenfield og Subrahmanyam (2003) á málfari unglings á spjallrásum finnast dæmi þar sem þáttakendur í rauntímasamtali nota annaðhvort aðeins stóra stafi eða aðeins litla stafi. Er það líklega gert til að flýta fyrir því að skilaboðin berist. Ef mið er tekið af dæmasafninu fara Fésbókarnotendur mjög frjálslega með notkun stórra og lítilla stafa og reglur um íslenska stafsetningu (sbr. *Auglysingu um íslenska stafsetningu*) eru oft fyrir

borð bornar. Hér fyrir neðan eru nokkur dæmi:

(8)	Jess... við erum langBEZT!
(9)	[...]Næst þegar fokking þvottavélin fer að vera með læti, þá fer ég og EYÐILEGG hana. Með hamri.
(10)	Við erum svo klárlega LANGFLOTTUST hjá [X] :-))

3.1.4 Fleiri aðferðir

Auk þeirra aðferða sem hér hafa verið nefndar til að auka áherslu á málið nefnir Crystal tvær aðrar aðferðir, sem ekki koma fyrir í dæmasafninu. Annars vegar má skrifa áhersluorðið með bili á milli stafanna. Hins vegar er hægt að „ramma orðið inn“ með ýmsum táknum, s.s. _ (undirstriki) eða * (stjörnu). Að vísu má finna tvö dæmi um slíka „innrömmun“ í dæmunum sem hér eru til athugunar en tilgangur hennar var ekki að leggja áherslu á orðin og verður því fjallað um hana síðar (sjá bls. 18).

3.2 Tjáning tilfinninga

Ýmsar aðferðir eru notaðar til að gefa til kynna með hvernig tilfinningu skuli lesa textann. Yfirleitt væru þessar aðferðir taldar hluti af óformlegra málsniði, enda er hlutverk þeirra fyrst og fremst að auka talmálsáhrifin í textanum. Hér á eftir verður minnst á fjórar aðferðir sem Fésbókarnotendur hafa tekið í þjónustu sína. Þær virðast allar gera ráð fyrir því að textann í stöðuuppfærslunum eigi að lesa upphátt með leikrænum tilburðum.

3.2.1 Broskallar

Þekktasta aðferðin er eflaust sú að nota sviptákn eins og broskalla. Broskallar eru myndræn tákn sem sett eru saman úr greinarmerkjum. Til að sjá réttu myndina út úr þeim þarf að lesa þá lóðrétt, en ekki lárétt eins og venjulegan texta. Ef slík tákn birtast á prenti þarf að snúa blaðinu um 90° réttsælis til að sjá réttu myndina út úr þeim og eru :-) og :-(dæmi um slík tákn. Broskallar í netlensku koma þannig í stað svipbrigða í talmálssamtölum. Mörg dæmi finnast um notkun slíkra broskalla í stöðuuppfærslum á Fésbókinni. Af þeim 1.000 stöðuuppfærslum, tenglatextum og myndatextum sem úrtakið nær til voru notaðir einhvers konar broskallar í 218 dæmum. Langalgengast er að í hverju þessara dæma sé notaður einn broskall. Í 22 dæmum koma fyrir tveir broskallar, eins og í dæmi (12) hér fyrir neðan. Í þremur dæmum í safninu koma fyrir þrír broskallar og er það mesti fjöldi broskalla í einstakri stöðuuppfærslu. Hér fyrir

neðan eru dæmi um notkun á brosköllum úr dæmasafninu:

(11)	Fyrsti dagurinn í vettvangsnámi :)
(12)	góður dagur :) beituhlaup og 7ára ammli :D
(13)	Porskur er herrmannsmatur, en það á enginn að vera í svona stöðu :-(
(14)	4 daga frí framundan....finnst það ekkert mjög leiðinlegt ;))
(15)	Leiðist. Okkur [X] langar mikið að losna úr einangrun:-/

Í dænum (10) og (14) eru notaðir eru fleiri en einn svigi. Svigarnir í þessum dænum tákna brosandi munn. Því fleiri svigar sem eru notaðir, því meiri ánægju virðist skrifarinn láta í ljós. En merking sviganna getur einnig verið önnur, eins og fram kemur í töflunni hér fyrir neðan. Miðað við broskalla sem koma fyrir í þessu dæmasafni virðast Fésbókarnotendur almennt lýsa frekar jákvæðum tilfinningum fremur en neikvæðum. Hér fyrir neðan er listi yfir broskalla sem koma fyrir í dæmasafninu og skýring á merkingu þeirra samkvæmt alfræðivefnum *Wikipedia*:⁶

Tákn	Merking	Tákn	Merking
:-)	Bros.	:(:	Fýlusvipur.
:)	Bros.	:-('	Fýlusvipur.
:o)	Bros.	:-/	Notandi er efins eða óákveðinn.
:))	Stórt bros eða undirhaka.	:S	Notandi er efins eða óákveðinn.
:-)))	Stórt bros eða undirhaka.	:-P	Notandi rekur út úr sér tunguna.
:-D	Hlátur eða breitt bros.	:P	Notandi rekur út úr sér tunguna.
:D	Hlátur eða breitt bros.	:Þ	Notandi rekur út úr sér tunguna.
;)	Notandi brosir og blikkar öðru auganu.	o)	Bros.
;-)	Notandi brosir og blikkar öðru auganu.	(:	Öfugt bros. (Blaðinu þarf að snúa um 90° rangsælis til að rétt mynd sjáist).
;))	Notandi brosir breitt og blikkar öðru auganu.	:O	Notanda er brugðið. Getur líka táknað geispa.
;o)	Notandi brosir og blikkar öðru auganu.		

3.2.2 Sviðslýsingar

Önnur aðferð sem Crystal nefnir til að lýsa tilfinningum textans er sú að skrifa alls kyns athafnir innan sviga eða hornklofa. Viðkomandi skrifar þá um sjálfan sig í þriðju persónu og lýsir tilfinningum sínum eða hreyfingum. Slíkum texta mætti líkja við sviðslýsingar í handriti sem gefa leikurum til kynna hvernig þeir eiga að hreyfa sig eða bera sig að á leiksviðinu (sbr. Höskuldur Þráinsson 2005: 345). Þessi orðnotkun virðist ekki tíðkast í íslenskum stöðuuppfærslum á Fésbókinni, sé tekið mið af dæmasafninu sem

⁶ Skýringarnar má sjá á slóðinni http://en.wikipedia.org/wiki/List_of_emoticons.

hér er til umfjöllunar, en tilbúin dæmi eru: „<baðar út höndunum>“ eða „<leggst í gólfíð emjandi af hlátri>“. Hér ber þó að geta þess að rit sem lýsa slangri, hvort sem það er notað á netinu eða í daglegu tali manna, úreldast yfirleitt mjög fljótt. Slangur sem er vinsælt í dag verður úrelt á morgun. Ástæðan fyrir því að þessi aðferð finnst ekki meðal Fésbókarnotenda sem hér eru til athugunar gæti því verið sú að aðferðin sé einfaldlega ekki í tísku meðal netnotenda lengur. Þó að þessi aðferð sé ekki mikið notuð á Fésbókinni má þó geta þess í framhjáhláupi að hún þekkist á öðrum vefsíðum – má þar nefna spjallþræði vefsíðunnar Baggalúts sem dæmi.⁷

Önnur tegund sviðslýsinga eru stjörnumerkta orð. Orð sem lýsa hljóðum og athöfnum tengdum líkamstjáningu manna eru „römmuð inn“ með stjörnu (*). Hljóðin eru ekki hluti af textanum heldur virðist þeim ætlað að auka talmálsáhrif textans eða gefa til kynna að textann eigi að lesa upphátt með einhvers konar leikhljóðum. Tvö dæmi um slíka notkun finnast í dæmasafninu:

(16)	Vill hver sá sem er að tala illa um mig vinsamlegast hætta því... ég er búin að vera með hiksta í allan dag! *hiksthiksthikst*
(17)	*geisp* held að það sé bara leggja með litlunni minni :)

3.2.3 Myndræn tákna

Þriðja leiðin til að gæða textann tilfinningum er sú að nota ýmiss konar myndræn tákna sem hægt er að skrifa í ritvinnsluforritum í tölvum. Sú aðferð er ekki nefnd hjá David Crystal og gefur það meðal annars til kynna hvernig netlenskan þróast og breytist samhliða tölvutækni og leturgerðum. Tvær útgáfur af slíkum myndrænum táknum virðast vera vinsælastar hjá Fésbókarnotendum, ef miðað er við dæmasafnið. Annars vegar er ♥ (hjarta) og hins vegar ♪ (nóta) og eru dæmi um notkun þeirra eftirfarandi:

(18)	[...]Óska feisbúkk vinum mínum sem og öðrum góðrar helgar, veit alla vega að mín verður góð:) SKÁL!!!!♪♪♪♪ lalalal
(17)	Elsku hjartans fallega systa litla mín ♥ [X] Hjartanlega til hamingju með daginn þinn, þú ert best og ég elskar þig, kíki í kaffi eftir smá og knúsa þig og kissi þá :) Kærleikskveðjur frá stóru systu á meðan ♥♥♥
(19)	Í SÓL OG SUMARYL...á pallinum ;) Maður fær nú nokkrar frekknur eftir daginn :) Alltaf blíða í Hafnarfirðinum ♥♥♥

Hjartað er vel þekkt tákna til að lýsa ást sinni eða aðdáun á einhverju og gegnir það sama hlutverki í ofangreindum dæmum. Nótutáknin eiga líklega að tákna að orðin séu sungin frekar en töluð. Eins og áður hefur komið fram virðast mörg tákna í röð merkja aukna tilfinningu. Því fleiri sem táknan eru, þeim mun dýpri er tilfinningin sem tjáð er.

7 Sjá: <http://www.baggalutur.is/gestapo/>

3.2.4 Hljóðlíkingar

Fjórða leiðin til tjáningar tilfinninga er sú að skrifa ýmiss konar hljóð með orðum. Þannig er reynt að líkja eftir hljóðum sem menn gefa frá sér þegar ákveðnar tilfinningar brjótast fram. Hlátur er þar líklega þekktasta dæmið, en einnig kemur fyrir að einhvers konar ánægjuhljóð annars vegar og væluhljóð hins vegar séu skrifuð. Nokkur dæmi um slíkar aðferðir eru:

(20)	Ég er að fila myndina með þessari frétt hahaha
(21)	svona eiga menn að vera i dag.allavega i minum drauma heimi hehehehe
(22)	Vill enginn fá sófann minn - í alvöru ... búhú!
(23)	Á þriggja ára gamlann afmælisstrák í dag...vúhú...
(24)	woohoo, fæ ágæta summu frá skattinum :D

Í dænum (20) og (21) koma fram tvennis konar dæmi um hlátur. Fjöldi atkvæða í slíkum hláturrokum virðist vera nokkuð tilviljanakenndur. Ef til vill fer fjöldi atkvæðanna eftir því hversu mikla ánægju notendurnir vilja láta í ljós. Hláturroknar eiga það hins vegar sameiginlegt að í hverri þeirra er aðeins notaður einn sérhljóði. Í dænum (22) og (23) koma fram hljóðlíkingar sem líklega eiga uppruna sinn úr ensku en hafa verið lagaðar að íslensku með breyttri stafsetningu. Raunar er ensk útgáfa annarrar þeirra notuð í dæmi (24). Þrátt fyrir að þessar hljóðlíkingar tákni tvær mismunandi tilfinningar felst munur þeirra aðeins í einu málhljóði. Hljóðlíkingin *búhú* í dæmi (22) tákna grát- eða væluhljóð. Ensk stafsetning á sama orði er *Boohoo* Hljóðlíkingin *vúhú/woohoo* tákna hins vegar spennu eða ánægju yfir einhverju. (Skýringar á þessum upphrópunum er að finna í slangorðabókinni *Urban Dictionary*)⁸. Erfitt er að ímynda sér ástæðuna fyrir því hvers vegna svona lík orð tákna jafnólíkar tilfinningar. Ef til vill er það vegna þess að menn hafa smám saman komist að þegjandi samkomulagi um merkingu þessara upphrópana.

3.3 Skammstafanir

Eitt af þekktustu einkennum netlenskunnar eru alls kyns skammstafanir og styttingar á orðum og orðasamböndum. Uppruna þeirra má eflaust rekja til netsamtala í rauntíma þar sem þátttakendur þurfa að vera sem fljótastir að koma skilaboðunum frá sér. Ef þátttakendur í netsamtölum taka sér of langan tíma að skrifa, til dæmis með því að leiðréttu stafsetningar- og málvillur og lagfæra setningar áður en þeir senda þær frá sér er hætta á því að viðmælendur þeirra verði óþolinmóðir. Ef fleiri en tveir taka þátt í

8 Sjá: <http://www.urbandictionary.com/>

samtalinu gætu aðrir þáttakendur einnig orðið fljótari til svarts en þeir sem leggja rækt við að skila frá sér málfræðilega fullkomnum setningum. Flestar skammstafanir sem notaðar eru í netlenskunni eru styttingar á enskum orðasamböndum og eru þær yfirleitt myndaðar með því að taka fyrsta staf úr hverju orði. Dæmi um notkun á slíkum skammstöfunum eru:

(25)	[X] að horfa á vídeóið sem [X] og [X] gerðu :D þetta var btw í fjórða skiptið sem hann sá það.... OF FYNDIÐ!
(26)	Leit upp og festist.... FML
(27)	Hver gerði Gerði grikk í sumar, hver gerði Gerði bommsíbommsíbomm..... Blóðhófnir FTW!!!
(28)	OMG!!! Nú verð ég að fara til Japan!!
(29)	Langt, en gott. Lái samt svo sem engum að taka tl;dr á þetta.

Skammstöfunin *btw* í dæmi (25) er stytting á enska orðasambandinu *by the way*. Á íslensku væri hægt að segja *í framhjáhlaupi* eða *meðal annarra orða* og væri hæglega hægt að nota íslensku skammstöfunina *m.ö.o.* í staðinn fyrir ensku útgáfuna. Skammstöfunin *FML* í dæmi (26) merkir *fuck my life*, sem á íslensku gæti útlagst sem *til ffandans með lífið*. Þetta orðasamband er notað þegar sagt er frá aðstæðum sem viðkomandi er óánægður með að vera í. Þriðja skammstöfunin, *ftw* getur haft tvennis konar merkingu: *for the win* eða *fuck the world*. Fyrri merkingin táknað ymist gleði eða áherslu á undanfarandi nafnorð en seinni skýringin lýsir óánægju eða vonbrigðum með eitthvað. Stundum, eins og í dæmi (27) getur merkingin þó verið óljós. Skammstöfunin *omg* í dæmi (28) merkir *oh, my god*, sem í íslenskri þýðingu getur merkt *guð minn góður*. Þess vegna væri hægðarleikur að nota skammstöfunina *GMG*, sem finna má á *Slangurorðabók snöru*, í stað þeirrar ensku. Skammstöfunin í dæmi (29), *tl;dr*, merkir *too long; didn't read* og er hún notað þegar um er að ræða texta sem er of langur til að viðkomandi nenni að lesa hann.⁹

Notkun þessara skammstafana sýnir hversu sterk áhrif enskunnar eru í netlenskunni. Netlenskan er alþjóðlegt tungumál og þar sem enska er mest notaða tungumálið á netinu (samkvæmt vefsíðunni *Internet World Stats*) er eðlilegt að netnotendur taki þær upp þó að þeir skrifi ekki á ensku. Innvígðir netnotendur þurfa einfaldlega að kunna skil á þessum skammstöfunum og vita hvað þær þýða. En íslenskir notendur netlenskunnar hafa einnig búið til sínar eigin skammstafanir og styttingar og þannig lagað netlenskuna að íslensku. Ef miðað er við dæmasafnið virðist hins vegar

⁹ Skýringarnar á þessum skammstöfunum, ásamt fleiri algengum skammstöfunum, er að finna á vefsíðunni *Urban Dictionary* (www.urbandictionary.com).

sem íslenskar skammstafanir sem eiga uppruna sinn í netlensku séu ekki mikið notaðar í stöðuuppfærslum á Fésbókinni. Að undanskildum hefðbundnum íslenskum skammstöfunum, eins og *o.m.fl.*, *o.s.frv.*, *t.d.* og fleiri slíkum kemur aðeins fram ein skammstöfun sem má rekja uppruna sinn til netlenskunnar. Það er skammstöfunin *nkl.*, sem merkir *nákvæmlega*, samkvæmt *Slangurorðabók Snöru*. Þess ber þó að geta að í nokkrum tilfellum er ekki farið eftir reglum um greinarmerkjasetningu í íslensku þegar íslenskar skammstafanir eru notaðar, en meginreglan (sbr. *Auglýsingu um greinarmerkjasetningu*) er sú að setja punkt á eftir þeim stöfum sem tákna einstök orð í skammstöfuninni. Nánar verður fjallað um greinarmerkjanoatkun á bls. 23-24.

Ein af skammstöfunum sem minnst er á í grein Greenfield og Subrahmanyam (2003: 734) er skammstöfunin *a/s/l*, sem stendur fyrir *age, sex location*. Íslensk útgáfa hennar er *ASK* og er hún bein þýðing á þeirri ensku: *Aldur, staður, kyn*. Í rauntímaspjalli á netinu er þetta oft með því fyrsta sem ókunnugir þátttakendur í umræðum spryja hvern annan. Eftir því sem notendum á Fésbókinni hefur fjölgæð hefur þessi skammstöfun nánast horfið. Fyrir þessu má nefna tvær ástæður. Önnur er sú að þar hafa notendur fyrst og fremst samskipti við fólk sem þeir eiga nú þegar samskipti við í raunveruleikanum. Hin ástæðan er sú að í flestum tilvikum birta Fésbókarnotendur upplýsingar um aldur sinn og staðsetningu. Þess vegna er ekki þörf á að spryja þessara spurninga. Er hér komið enn eitt dæmi um það hvernig netlenskan þróast og breytist.

3.4 Framburðarstafsetning

Fleiri aðferðir en skammstafanir eru notaðar til að stytta ritmál netlenskunnar. Önnur þekkt aðferð er sú að breyta stafsetningu orða og orðasambanda og skrifa þau eins og þau eru borin fram. Með sömu aðferð er einnig hægt að sameina tvö orð eða fleiri og mynda eitt orð sem skrifað er með framburðarstafsetningu. En framburðarstafsetningin hefur ekki bara þann tilgang að stytta ritmálið, heldur virðist henni líka ætlað að gefa ritmálinu léttari blæ og auka við kímnina í textanum.

Algengt dæmi um framburðarstafsetningu í úrtakinu er orðið *afmæli*, sem hefur verið stafsett með tvenns konar hætti auk hefðbundinnar stafsetningar: *ammæli* og *ammlí*. Að sama skapi má nefna tvö orðasambönd sem innihalda ábendingarfornafnið *þetta*. Orðasambandið *með þetta* finnst ritað með tvenns konar hætti í dæmasafninu: *meðidda* og *meðetta*. Í báðum tilvikum er sagt frá því að einhver sé (*alveg*) *með þetta*. Samkvæmt *Slangurorðabók Snöru* merkir orðasambandið að viðkomandi standi sig vel í einhverju eða geri góða hluti. Annað orðasamband er *elska þetta*, sem finnst einnig

samsett í eitt orð og verður að orðinu *elskidda*.

Auk íslenskra orða og orðasambanda sem fá á sig framburðarstafsetningu koma einnig fyrir ýmis erlend orð og orðasambönd sem eru rituð með íslenskri stafsetningu. Til dæmis má nefna orðasambandið *oh my god*, sem áður hefur komið hér við sögu. Í íslenskri útgáfu verður það að ó *mæ god*. Annað dæmi er orðasambandið *love you long time*, sem með íslenskri stafsetningu verður að *lovjú longtæm*. Og að síðustu mætti nefna enska orðasambandið *I don't get it* (ég skil þetta ekki), sem með íslenskri stafsetningu verður að *Æ dónt geddit*.

3.5 Sérstakur orðaforði

Rit sem hér hafa verið notuð við að lýsa málnotkun netnotenda eru skrifuð á ensku og fjalla því fyrst og fremst um enska málnotendur. Áhrif úr enskunni, algengasta tungumáli sem notað er á netinu, eiga því ekki við um enskumælandi netnotendur. Mörg ensk orð sem hafa fest sig í sessi sem hluti af tungutaki Fésbókarnotenda hafa tekið á sig íslenska mynd. Nærtækasta dæmið er eflaust nafn sjálfss samskiptamiðilsins. Í dæmasafninu finnst orðið *Feisbúkk*. Önnur dæmi um íslenska stafsetningu á orðinu má sjá á bls. 5. Af íslenskri stafsetningu nafnsins hefur sagnorðið *feisbúkkast* orðið til. Þannig er gerð tilraun til að laga þessi erlendu orð að íslensku málkerfi. Fleiri orð koma fram í dænum (30-34):

(30)	elskar komment kerfi á dv.is! Er í skemmtilegum umræðum um fituprósentur og fitubollur !
(31)	Má ég fá nokkur læk hingað?
(32)	Stórt "læk" á þetta. Bíð líka spennt eftir íslenskum fuglavísi til að hafa á iPad! ;)
(33)	Talvan "fraus" útaf hita... Þannig að ég fór út og fékk mér gott kaffi og pönnur í sólinni. Heiðskýrt Like á það
(34)	Megið:/ Læka/ Commenta/ Deila og horfa á hvenar sem er á ¹⁰

Í dæmunum hér fyrir ofan má sjá tvö erlend orð sem eiga það sameiginlegt að vera mikið notuð af Fésbókarnendum. Ýmist eru þau skrifuð upp á enskan máta eða með íslenskri stafsetningu. Þetta eru orðin *like* og *comment* og tengjast aðgerðum sem hægt er að framkvæma á þessum miðli. Að *kommenta* (eða að *commenta*) er dregið af enska orðinu *comment* og merkir að skrifa athugasemd eða ummæli við stöðuuppfærslu. Orðið einskorðast þó ekki við Fésbókina, heldur er það einnig notað í tengslum við það að skrifa ummæli við bloggfærslur, eins og fram kemur í *Slangurorðabók Snöru*. Hvorugkynsnafnorðið *læk* og sagnorðið *læka*, í dænum (31) og (34), eru dregin af

10 Í dæmi (34) er skástrikið (/) notað til að tákna límuskil. Þannig var það ekki í upprunalegu færslunni.

enska orðinu *like*. Undir hverri stöðuuppfærslu á Fésbókinni eru tveir til þrír hnappar. Einn þeirra, *Like-hnappurinn* inniheldur einungis orðið *Like*. Sé smellt á hann geta notendur gefið til kynna að þeir séu ánægðir með eða þeim líki við viðkomandi stöðuuppfærslu án þess að skrifa nokkuð í ummælakerfinu. Hér fyrir neðan er mynd til nánari útskýringar:



Mynd 1: Stöðuuppfærsla af Fésbókinni. *Like-hnappinn* má sjá neðst til vinstri.

Segja má að hnappurinn gegni nokkurn veginn sama hlutverki og bros eða góðlátlegur hlátur gerir í venjulegu talmálssamtali. Af virkni þessa hnapps er orðið *like* og íslenskar útgáfur þess dregin. Að *fá læk* eða að *setja læk* á eitthvað eru orðasambönd sem eru bein afsprengi tungutaksins á Fésbókinni.

3.6 Frjálsleg greinarmerkjanotkun

Annað einkenni netlenskunnar er frjálsleg notkun ýmissa greinarmerkja. Þetta einkenni má einnig finna í stöðuuppfærslum Fésbókarinnar. Oft er greinarmerkjum sleppt alveg og stundum er notkun þeirra í litlu samræmi við íslenskar reglur sem nefndar eru í *Auglýsingu um greinarmerkjasetningu*. Greenfield og Subrahmanyam (2003) hafa bent á að í tölvusamskiptum virðist *Enter-hnappurinn* á lyklaborðinu stundum gegna sama hlutverki og punkturinn í lok setningar. Í stað þess að setja punkt í lok setningarinnar er ýtt á *Enter* til að koma setningunni til skila. Þess má þó geta að netlenskan er ekki eini samskiptamáttinn þar sem punkti er sleppt í lok setninga. Fyrirsagnir dagblaða og titilsíður bóka eru dæmi um aðrar aðstæður þar sem punkti er sleppt. Við þessar aðstæður er yfirleitt augljóst hvar einni setningu lýkur og ný byrjar og því má segja að punkturinn sé óþarfur.

Við frjálslega greinarmerkjanotkun á Fésbókinni bætast við ýmiss konar afbrigði af greinarmerkjanotkun, sem sjást yfirleitt ekki í formlegu prentmáli. Dæmi um það er notkun þriggja eða fleiri punkta í röð. Samkvæmt eftirfarandi dænum virðist notkun punktalína gegna tvenns konar hlutverki. Annars vegar virðist hún tákna þögn eða málhvíld til íhugunar. Hins vegar er punktalínan notuð þegar notendur vilja komast hjá

því að skrifa blótsyrði:

(35)	Skiptir máli hvernig hjálmurinn er á litinn ef hann bjargar barninu?? Yfir öllu má nú tuða...
(36)eitthvað tók þessi fésbók skrýtna stefnu í gær!
(37)	Eg gæti mögulega verið pirraðri, sérstaklega ef veðrið væri verra eða bólurnar á fésinu fleiri... Þoli ekki peningafyrirtæki og birkitré.
(38)	nammilaus - fint, karlalaus - lifi alveg af, kaffilaus - hvernig í fja....!!!!
(39)	Af hverju í fj... er ennþá til tómatsósa í glerflöskum?

Í stað punkta hafa stundum verið notaðar nokkrar kommur (,) í röð, en hvort viðkomandi hafi gert mistök og ruglast á hnöppum á lyklaborðinu skal ósagt látið. Einnig minnist Crystal á fleiri greinarmerki eða tákna eða óvenjulega samsetningu greinarmerkja sem hafa ekki verið notuð sem hluti af venjulegri greinarmerkjasetningu. Má þar til dæmis nefna tákna #, &, * og %. Öll þessi tákna má finna í dæmasafninu. Í mörgum tilfellum tengist notkun þeirra brosköllum, sem áður hafa verið til umfjöllunar, þannig að ekki þykir ástæða til að fjalla nánar um notkun þeirra hér. Einnig mætti nefna óvenjulega notkun á hefðbundnum greinarmerkjum, eins og upphrópunarmerkjum (!) og spurningamerkjum (?). Slík notkun sést í dæmi (38), þar sem fjögur upphrópunarmerki eru notuð í röð. Eðlilegra væri að nota spurningarmerki, þar sem færslunni lýkur á spurningu.

Einnig má finna dæmi um spurningarmerki og upphrópunarmerki saman í einni röð. Slík notkun virðist tákna einhvers konar hneykslun. Líklega er ætlast til þess að setningarnar séu lesnar með furðu- eða hneykslunartóni, eins og í dæmum (40) og (41):

(40)	Já, auðvitað get ég ekki sett inn fleiri myndir, því ég "er ekki með heimild til þess"!?
(41)	[...]Getur verið að eitt pláss hjá dagforeldri kosti um 105.000 kr. fyrir niðurgreiðslur?!

Áður hefur verið fjallað um notkun ýmissa greinarmerkja og tákna til að leggja áherslu á einstök orð eða til að tákna athafnir, s.s. hljóð, sem eru ekki hluti af sjálfum textanum. Því þykir ekki ástæða til að fjalla nánar um þau hér.

3.7 Íslenskar aðstæður

Eitt einkenni til viðbótar sem vert er að nefna hér kemur hvorki fyrir í bók Crystals (2001), né í nokkru öðru riti sem fjallar um málnotkun enskumælandi netnotenda. Ástæðan fyrir því er sú að enska er ekki beygingamál eins og íslenska. Þegar stöðuuppfærslur eru skrifaðar á Fésbókinni er notendum boðið upp á að tengja þær við

nöfn annarra notenda. Þeir sem lesa færsluna geta þannig smellt á nöfn sem koma fram í færslunni og færast þá yfir á heimasvæði viðkomandi notanda. Nöfnin birtast eins og viðkomandi hefur ákveðið að skrifa þau. Íslenskir Fésbókarnotendur birta nöfn sín yfirleitt í nefnifalli. Þar af leiðandi birtast nöfn sem tengd eru við færsluna í nefnifalli. Ef höfundur segir frá því að hann hafi farið í bíó með Jóni Jónssyni og Guðrúnu Jónsdóttur og ákveður að tengja stöðuuppfærsluna við nöfn þeirra yrði útkoman eitthvað á þessa leið: „fór í bíó með **Jón Jónsson** og **Guðrún Jónsdóttir**.“ Hér ættu nöfnin að vera í þágufalli, en vegna takmarka í uppbyggingu og forritun vefsins, sem upphaflega er miðuð við enskumælandi notendur, er það ekki í boði fyrir íslenska Fésbókarnotendur sem vilja tengja nöfn annarra notenda við færslur sínar. Ef íslenskir Fésbókarnotendur vilja hafa stöðuuuppfærslur sínar málfræðilega réttar verða þeir að haga orðum sínum þannig að þeir geti sleppt því að nota önnur föll en nefnifall. Til að bjarga sér út úr þessum vanda hafa margir gripið til þess ráðs að skrifa viðeigandi fall í sviga fyrir aftan nöfnin, eins og fram kemur í dæmum (42)-(44). Þess ber að geta að í eftirfarandi dæmum hefur nöfnunum verið breytt:

(42)	Woohoo, ein heima í heila viku!! (ef ég tel Sigmundur Erlingsson (þf.) og Súsönnu ekki með))[...]
(43)	undirbýr ammlisbrunch fyrir dótturina og bakar m.a. köku ættaða frá Viktoría Kristjánsdóttir (þgf)
(44)	Dásamlegur kaffisopi með Guðmundur Bárðarson (þgf.) í Mosóbakaríi

3.8 Takmarkanir

Þó að aðferðirnar sem hér hafa verið nefndar séu góð tilraun til að færa ritmálið nær talmálinu eru ýmis einkenni talmáls sem ekki er hægt að færa yfir á netlenskuna. Augljósustu einkennin snúa að líkamstjáningu og svipbrigðum sem ekki er hægt að sýna í skriflegum samræðum. Einnig vantar ýmis smáorð og upphrópanir sem þátttakendur í talmálssamræðum nota til að tjá viðbrögð sín eða gefa til kynna að þeir séu að hlusta á mælandann. (Til dæmis orð og upphrópanir eins og *aha*, *mhmm*, *einmitt* o.s.frv). Vegna skorts á þessum atriðum finnst mörgum að netsamtöl séu köld og fjarlæg mannlegum tilfinningum. David Crystal (2001: 41) líkir netspjalli við símtöl þar sem viðmælandinn gefur sendandanum engin viðbrögð. Slík símtöl eru óþægileg og geta orðið vandræðaleg þegar engin augljós viðbrögð eru látin í ljós.

Á Fésbókinni mætti þó líta á áðurnefndan *like-hnapp* sem einhvers konar tilraun til að gefa notendum tækifæri til að sýna viðbrögð eða líkamstjáningu. *Like-aðgerðin* er í raun einn valkostur í viðbót við sviðslýsingar eða upphrópanir sem hægt væri að skrifa

sem athugasemdir við stöðuuppfærslur.

3.9 Aðlögunarhæfni

Af augljósum ástæðum kemur Fésbókin ekki við sögu í bók Crystals, þar sem vefurinn var ekki orðinn að veruleika árið 2001 þegar bókin var gefin út. Orðfarið á Fésbókinni sem hér hefur verið lýst er annars vegar gott dæmi um það hvernig netlenskan þróast samhliða tölvutækninni. Hins vegar er orðfarið gott dæmi um hvernig netnotendur flytja notkun netlenskunnar yfir á nýja miðla og ný umráðasvæði. Þó að tölvutæknin hafi breyst mikið frá þeim tíma hafa mörg af einkennum netlenskunnar sem Crystal (2001) lýsir lifað áfram. Það gæti verið vísbending um að netlenskan hafi fest sig í sessi sem hvert annað tungumál sem notað er í heiminum. Önnur vísbending því til sönnunar gæti verið sú að nú er hægt að nálgast þýðingarvélar á netinu sem þýða netlensku yfir á ensku.¹¹

Í áðurnefndri rannsókn sem Ylva Hård af Segerstad og Sylvana Sofkova Hashemi (2006) gerðu á málnotkun sænskra netnotenda á unglingsaldri er hægt að sjá mörg af einkennum netlenskunnar sem hér hafa verið talin upp. Þar sést meðal annars hvernig sænskir netnotendur hafa lagað skammstafanir netlenskunnar að móðurmáli sínu og búið til nýjar skammstafanir sem fyrst og fremst eru notaðar af sænskum netnotendum. Bæði þessi sænska rannsókn og dæmin frá íslenskum Fésbókarnotendum sýna að netlenskan einskorðast ekki við enskuna. Í raun mætti segja að netlenskan sé alþjóðlegt tungumál eða mállýska tölvunotenda sem hægt er að laga að hvaða tungumáli sem er.

3.10 Samantekt

Netnotendur hafa fundið upp ýmsar aðferðir til að auka talmálsáhrif ritmálsins sem notað er á netinu. Óvenjuleg greinarmerkjanotkun, afbrigðileg stafsetning, skammstafanir og ýmiss konar sviptákn eru meðal þekktustu aðferðanna. Þessar aðferðir hafa orðið til vegna þess að notendur netlenskunnar vilja forðast misskilning og tvíræðni sem annars gætu átt sér stað þegar ritmálið er notað.

Mörg einkenni netlenskunnar sem talin eru upp í bók Crystals (2001) og í grein Greenfield og Subrahmanyam (2003) hafa gleymst en önnur hafa lifað áfram. Að auki hafa komið fram nýjar aðferðir eftir því sem tölvutæknin hefur þróast. Þessar aðferðir sýna hvernig netlenskan getur lagað sig að breyttum aðstæðum. Einnig er hægt að laga hana að hvaða tungumáli sem er.

11 Sjá t.d.: <http://www.noslang.com/>.

Á Fésbókinni hafa komið upp nýjar aðstæður sem netlenskan hefur þurft að laga sig að. Þekktastur er e.t.v. *like-hnappurinn* svokallaði. Í raun mætti segja að hann sé viðbót við tjáningarmáta netlenskunnar. Að einhverju leyti gegnir hann svipuðu hlutverki og líkamstjáning í talmáli, sem erfitt getur verið að láta í ljós með ritmáli netlenskunnar.

Netlenskan er nokkurs konar samblund af ritmáli og talmáli. Í þessum kafla hefur verið fjallað um hver helstu einkenni hennar eru, hvað er líkt og hvað er ólíkt með henni og talmáli annars vegar og ritmáli hins vegar. En hver eru helstu einkenni málfarsins á Fésbókinni og um hvað er skrifað þar? Í næsta kafla verður það athugað. Einkennum stöðuuppfærslna á Fésbókinni verður lýst og orðaforði Fésbókarnotenda verður skoðaður út frá algengustu orðunum í dæmasafninu.

4. Orðfar Fésbókarinnar

Fésbókin lýtur sömu lögmálum og stærstur hluti netsins að því leyti að textar sem notendur birta þar eru ekki ritskoðaðir og þeim er ekki ritstýrt. Þannig er hægt að birta hvaða texta sem er. Notendur geta að vísu sent tilkynningar til stjórnenda vefsíðunnar ef þeir rekast á ósæmilegt eða ólöglegt efni. En enginn skiptir sér af því hvernig málfarið og stafsetningin á uppfærslunum er áður en þær birtast öðrum notendum.

4.1 Lengd stöðuuppfærslna

Stöðuuppfærslur á Fésbókinni einkennast af fremur stuttum textum og tiltölulega fáum orðum sem skrifuð eru í hvert skipti, hvort sem um er að ræða texta í stöðuuppfærslum eða athugasemdir annarra notenda við stöðuuppfærslurnar. Í upphafi takmarkaðist textinn við 160 slög í hverri stöðuuppfærslu og eru þá hvers kyns stafir, tákn og stafabil talin með. Hins vegar var notendum fljótlega boðið upp á að skrifa svokallaðar *glósur*, sem geta innihaldið lengri texta en 160 slög. Með tímanum hefur notendum verið boðið upp á að skrifa sífellt lengri stöðuuppfærslur í hvert sinn. Samkvæmt bloggfærslu eftir Aliciu Eler, frá desember 2011, mun nú vera hægt að skrifa allt að 60.000 slög í hverri stöðuuppfærslu (til dæmis væri hægt að birta stóran hluta þessarar ritgerðar sem stöðuuppfærslu á Fésbókinni, en hún er 93.499 slög að forsíðu, titilsíðu, ágripskafla og heimildaskrá undanskildum). Fáir virðast hins vegar nýta sér möguleikann á að skrifa svo langar færslur, enda væru þá líklega fáir sem entust til að lesa alla færsluna í einu lagi. Lengsta færslan í dæmasafninu inniheldur 870 slög og 150 lesmálsorð. Aðeins ein

færsla inniheldur fleiri lesmálsorð, en slagafjöldinn er ekki jafn mikill. Algengast er að færslur innihaldi 5-49 slög, en það jafngildir u.p.b. hálfrí línu á venjulegu A4-blaði.

Yfirleitt innihalda stöðuuppfærslurnar ekki fleiri en eina til tvær setningar. Margar setninganna eru flóknar að uppbryggingu, eins og algengt er í venjulegu ritmáli. Í fimmtán dænum af þeim 1.000 sem hér eru til skoðunar kemur aðeins fyrir eitt lesmálsorð í uppfærslunni og getur því varla talist fullmótuð setning. Hér er miðað við skilgreiningu Höskuldar Þráinssonar á hugtakinu: „SETNING er orðasamband sem inniheldur eina aðalsögn og oftast einnig frumlag (eða gervifrumlag eða frumlagsígildi)“ (Höskuldur Þráinsson 2006: 136). Þó skal bent hér á að setningar án sagnorða eru ekki óalgengar, á það hefur Þorleifur Hauksson (1994: 101) til dæmis bent í *Íslenskri stílfræði*. Frekar mætti fjalla um þessi dæmi sem setningabrot. Hér verður setningagerðin í dæmunum ekki tekin til sérstakrar umfjöllunar. Þess skal þó getið hér að í fjórtán af þessum fimmtán stöðuuppfærslum sem innihalda einungis eitt lesmálsorð standa orðin ekki ein og sér, heldur fylgja með þeim myndir eða tenglar yfir á aðrar vefsíður og virðast orðin í þessum stöðuuppfærslum einungis vera notuð sem einhvers konar útskýring eða ummæli við meðfylgjandi mynd eða tengil.

Ef litið er á fjölda lesmálsorða í hverri stöðuuppfærslu kemur í ljós að tæplega helmingur færslnanna, eða 409 færslur innihalda aðeins 1-9 orð. Það jafngildir u.p.b. einni línu á A4-blaði, sé miðað við að í hverja línu komist 10 orð að meðaltali. Færslur sem innihalda 10-19 orð eru 298. Færslunum fækkar svo eftir því sem lesmálsorðin verða fleiri. Lengsta færslan, ef litið er á orðafjöldann, inniheldur 151 orð.

Þegar lengd stöðuuppfærslna á Fésbókinni er skoðuð er hægt að velta því fyrir sér hvort hún hafi einhver áhrif á skriftar- og lestrarvenjur fólks utan netheimsins. Þróstur Helgason (2006: 8) hefur bent á að eftir tilkomu bloggsins skrifi fólk meira en áður í frítíma sínum og lesi líklega meira, þó að lesefnið sé meira á tölvuskjánum en af bókum og blöðum. Hvaða áhrif á það eftir að hafa ef mestur hluti lesefnis ungs fólks er í formi stuttra færslna á Fésbókinni? Á það til dæmis eftir að hafa einhver áhrif á bóklestur ungmannna? Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason rannsókuðu lestrarvenjur íslenskra unglings árið 2010 og komust m.a. að því að 23% íslenskra unglings lesa aldrei bækur sér til skemmtunar. Hins vegar lesa aðeins 9% unglings bækur sér til skemmtunar á hverjum degi. Í sömu könnun kemur fram að árið 1968 hafi hlutfall barna og unglings sem aldrei lesa bækur sér til ánægju verið 11%. Hér verður hins vegar ekki dæmt um það hvort Fésbókin hafi haft einhver áhrif á lestrarvenjur unglinganna.

Annað atriði sem mætti velta fyrir sér er hvort að Fésbókin hafi ef til vill tekið við

af sérstökum bloggsíðum sem vettvangur fólks til að deila fréttum af sínu daglega lífi og vangaveltum, eða hvort hún sé hreinlega orðin viðbót við bloggið. Þeirri spurningu verður ekki svarað hér, en e.t.v. fást einhverjar vísbendingar um það þegar orðanotkunin og algengustu orðin í dæmasafninu eru skoðuð.

4.2 Orðflokkar

Eins og áður hefur komið fram inniheldur dæmasafnið 16.973 lesmálsorð. Orðmyndir eru alls 5.593 og flettiorð eru samtals 3.668. Eftir að búið er að skipta öllum flettiorðunum niður í orðflokka kemur eftirfarandi skipting í ljós:

Orðflokkur	Fjöldi orða	Orðflokkur	Fjöldi orða
Nafnorð	2.340	Sagnorð	484
Lýsingarorð	454	Atviksorð	211
Upphrópun	79	Fornöfn	45
Töluerð	20	Samtenging	15
Forsetning	7	Viðskeyti	5
Forskeyti	4	Laus greinir	3
Nafnháttarmerki	1		

Í þessari töflu eru ekki talin með orð sem eru samsett úr tveimur orðum, ýmist vegna misritunar eða af ásettu ráði. Hér er átt við orð eins og *elskidda*, sem sett er saman úr orðunum *elska* + *petta* og er líklega skrifað í einu orði af ásettu ráði. Öðru máli geynir um orðið *sundog*, sem sett er saman úr orðunum *sund* + *og*, en það er líklega orðið til vegna misritunar eða fljótfærni viðkomandi notanda. Í þriðja lagi mætti nefna orðið *hundraðsinnum*, sem orðið er til vegna samruna orðanna *hundrað* + *sinnum*. Hér er ekki ljóst hvort sendandinn hefur ætlað að hafa það í einu eða tveimur orðum.

Hér eru ekki heldur talin með erlend orð sem slæðast með inn í stöðuuppfærslurnar. Þó er hér aðeins átt við erlend orð sem ekki hafa verið löguð að íslensku. Til dæmis má nefna orð eins og *single* og *please* og erlend sérnöfn og örnefni. Erlend orð sem löguð hafa verið að íslensku hljóðkerfi og stafsetningu eru hins vegar með inni í töflunni. Orðið *læk* er t.d. flokkað sem nafnorð og orðið *læka* er flokkað sem sagnorð.

Í þriðja lagi er skammstöfunum sleppt úr þessari töflu. Er þá bæði átt við skammstafanir sem hafa verið fundnar upp í tengslum við netlenskuna, og fjallað var um á bls. 19-21 hér fyrir framan og venjubundnar skammstafanir í íslensku, eins og skammstafanirnar *t.d.*, *o.s./frv.* og *u.p.b.*

Fátt kemur á óvart í töflunni hér fyrir ofan, hvað varðar röð stærstu orðflokkanna.

Flokkur nafnorða er langstærstur, næststærstur er flokkur sagnorða. Flokkur lýsingarorða er í þriðja sæti og flokkur atviksorða í því fjórða. Séu þessar niðurstöður bornar saman við *Orðstöðulykil Íslendinga sagna* kemur í ljós að röð fjögurra stærstu orðflokkanna er sú sama (sbr. Eiríkur Rögnvaldsson 1990: 56). *Orðstöðulykill Íslendinga sagna* (hér eftir nefndur O. Í.) er byggður á textum úr Íslendingasögum í útgáfu Svarts á hvítu frá árunum 1985-1987. Svipuð niðurstaða kemur fram í *orðtíðnikönnun Orðabókar Háskólans* (hér eftir nefnd O. H.), sem fjallað er um í *Íslenskri orðtíðnibók*, í ritstjórn Jörgens Pind. Í þeiri könnun voru rannsakaðir 100 textar á íslensku sem allir voru svipaðir að stærð, eða um 5.000 orð hver. Í þessum 100 textum eru sagnorð að vísu fleiri en lýsingarorðin en fjórir stærstu orðflokkarnir eru þeir sömu og eru nafnorðin langstærsti flokkurinn. Til að fá einhverja hugmynd um hvað notendur skrifa á Fésbókinni verða algengustu orðin í hverjum orðflokki nú skoðuð.

4.3 Algengustu orðin

Í töflunni hér fyrir neðan sjást tíu algengustu flettiorð úr fjórum stærstu orðflokkunum í dæmasafninu. Einnig koma fram algengustu orðin úr öllu safninu. Fjöldi orðanna er skrifaður í sviga fyrir aftan. Þessi listi gefur ef til vill einhverja hugmynd um hvað fólk skrifar á Fésbókinni:

Öll orð	Nafnorð	Sagnorð	Lýsingarorð	Atviksorð
vera (826)	dagur (144)	vera (826)	góður (126)	í (716)
í (716)	maður (76)	koma (112)	mikill (67)	á (423)
að (565)	ár (50)	hafa (111)	lítill (39)	ekki (199)
og (523)	kvöld (47)	fara (101)	nýr (35)	með (164)
ég (432)	tími (29)	verða (86)	fallegur (25)	til (154)
á (423)	fólk (28)	fá (83)	yndislegur (24)	svo (94)
það (303)	morgunn (28)	eiga (76)	flottur (23)	um (88)
þessi (234)	lag (27)	gera (62)	margur (21)	af (80)
ekki (199)	mynd (27)	taka (60)	stór (20)	bara (71)
með (164)	leið (23)	geta (54)	skemmtilegur (18)	við (70)

Þegar tíu algengustu orð í Íslendingasögum samkvæmt O. Í. eru skoðuð kemur í ljós að orðin eru að miklu leyti þau sömu. Það sama má segja um orðtíðnikönnun O. H.

Mesti munurinn er á flokki nafnorða, þar sem aðeins tvö algengustu nafnorðin úr Íslendingasögum koma einnig fram á listanum hér fyrir ofan, en það eru orðin *maður* og *dagur*. Af tíu algengustu nafnorðunum í könnun O. H. er helmingur þeirra sá sami og í

töflunni hér fyrir framan.

Athyglisverðast af listanum hér fyrir ofan að mati höfundar er að fimm af tíu algengustu nafnorðunum úr dæmasafninu tengjast tíma á einhvern hátt. Þetta gæti bent til þess að Fésbókarnotendur skrifí mikið um það hvernig þeir verja tíma sínum, hvort sem það er fyrir framan tölvuskjáinn eða utan tölvuheimsins.

Einnig vekur það nokkra athygli að fimm af tíu algengustu lýsingarorðunum skuli lýsa einhverjum jákvæðum eiginleikum. Engin af algengustu lýsingarorðunum eru beinlínis neikvæð. Það gæti verið vísbending um að Fésbókarnotendur séu almennt jákvædir, skrifí jákvæðar stöðuuppfærslur eða láti a.m.k. ekki bera jafn mikið á neikvæðum tilfinningum sínum.

5. Sjálfsfrásagnir

Í upphafi ritgerðarinnar kom fram að athugað yrði hvernig Fésbókarnotendur segja frá sjálfbum sér og hvort til dæmis væri algengara að menn segðu frá sjálfbum sér í fyrstu eða þriðju persónu. Í þessum kafla verður athyglinni fyrst og fremst beint að sjálfsfrásögnum í þriðju persónu. Byrjað verður á fjalla almennt um stílbragðið en að því loknu verður sjónum beint sérstaklega að Fésbókinni. Áður en rannsókn hófst á þessu stílbragði á Fésbókinni var það tilfinning höfundar að Fésbókarnotendur fjölluðu meira um sjálfa sig í þriðju persónu heldur en í fyrstu persónu.

5.1 Ég í þriðju persónu

Stílbragðið sem notað er þegar menn segja frá sjálfbum sér í þriðju persónu hefur verið nefnt *illeism* á ensku og er það komið af latneska orðinu *ille*, sem þýðir *hann* (sjá Green 1987: 296). Ekki hefur verið notað íslenskt orð um þetta stílbragð eftir bestu vitund höfundar. Stílbragðið er þó vel þekkt í íslenskum bókmenntum. Í *Völuspá* fjallar ljóðmælandinn öðru hvoru um sjálfan sig í þriðju persónu og má meðal annars sjá dæmi um það í 21. erindi: „Það man hún fólkvíg / fyrst í heimi / er Gullveigu / geirum studdu / og í höll Hárs / hana brenndu. / Þrisvar brenndu, / þrisvar borna, / oft, ósjaldan, / þó hún enn lifir.“ (Eddukvæði 1999: 10). Auk þess má sjá dæmi í yngri íslenskum textum. Til dæmis skrifar Halldór Laxness í greininni „Davíð Stefánsson fimm tugur“:

Það eru nú orðin furðumörg ár síðan strákur sem þá var að alast upp í Mosfelsveit, og var talinn hafa gaman af bókum þó það gaman færi að vísu

af síðar, rakst á nýtt kvæði eftir nýjan mann í einu tímaritanna; það var kvæðið Sestu hérna hjá mér systir míni góð eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi. [...] Sá úngi og óreyndi lesandi sem getur í upphafi þessa máls varð svo heillaður af kvæðinu við fyrsta lestar að hann lærði það strax og fór einförum og hafði það upp fyrir sér með tárin í augunum; og hefur aldrei gleymt því síðan; og sá dagur aldrei komið í öll þessi ár að honum hafi þótt minna varið í kvæðið en daginn sem hann las það fyrst [...] (Halldór Laxness 1986: 122-123).

Í sjálfsævisögunni *Vigurklerkurinn* eftir Sigurð Stefánsson (1854-1924) kemur fram svipað dæmi. Sigurður notar aldrei fyrstu persónu í ævisögunni, heldur vísar hann oftast í sjálfan sig sem *Sigurð, prestinn* eða *Sigurð prest* og má sjá dæmi um það hvar sem gripið er niður í sögunni, til dæmis í eftirfarandi málsgrein:

Sigurði var tekið ágætavel af sóknarmönnum. Þóttust þeir hafa himin höndum tekið að fá ungan prest. Sigurður þótti klerkur sæmilegur og prédikari í betra lagi. Hafði hann og þessi fyrstu ár ágætt næði til guðfræði-íðkana og átti bókakost nokkurn. (Sigurður Stefánsson 2009: 34).

Í aðfaraorðum Jóns Þ. Þór að ævisögunni kemur fram að á dögum Sigurðar (og jafnvel lengur) hafi það jaðrað við dósnaskap ef höfundar sjálfsævisagna skrifuðu um sjálfa sig í fyrstu persónu.

Höfundar sem beita þessu stílbragði nota ýmist þriðju persónu fornöfn, nafnorð á borð við *höfundur, undirritaður/undirrituð* og *pulur* eða einfaldlega sitt eigið nafn í stað fyrstu persónu fornafnsins. Síðastnefnda aðferðin hefur meðal annars verið notuð í leikritum Shakespeares og er S. Viswanathan (1969) meðal fræðimanna sem fjallað hafa um hvernig persónur í leikritum hans nota þetta stílbragð. Einnig mætti nefna barnamál, þ.e. sérstakan málstíl sem foreldrar eða fullorðið fólk nota til að tala við börn sín. Þessi málstíll lýsir sér m.a. í því að notuð eru nafnorð eða sérnöfn í stað fornafna (sbr. Baron 1992: 30-40). Þannig er til dæmis sagt „Mamma ætlar að [...]“ í stað þess að segja „Ég ætla að [...].“ Í venjulegum fyrstu persónu frásögnum er höfundurinn yfirleitt hluti af frásögninni og atburðunum sem eiga sér stað, ýmist sem aðalpersóna, aukapersóna eða sem vitni sem horft hefur á atburðina gerast (sbr. Þorleifur Hauksson 1994: 143). En með því að segja frá sjálfum sér í þriðju persónu gerir höfundurinn sig að vissu leyti fjarlægari frásögninni heldur en ef frásögnin væri í fyrstu persónu.

5.2 Sjálfsfrásagnir á Fésbókinni

Af þeim eittþúsund dæmum sem eru í dæmasafninu eru 388 stöðuuppfærslur þar sem höfundar fjalla sannarlega um sjálfa sig eða beina athyglinni fyrst og fremst að sjálfum sér. Af þessum 388 stöðuuppfærslum er 101 færsla þar sem höfundarnir segja frá

sjálfum sér í þriðju persónu, eða byrja á því að segja frá sér með þeim hætti. Ástæður fyrir þessum þriðju persónu frásögnum gætu verið margar og hver og einn gæti haft sína ástæðu fyrir því að skrifa um sjálfan sig í þriðju persónu, hvort sem það er gert með ásettu ráði eða ómeðvitað.

Þegar talað er um þriðju persónu frásagnir á Fésbókinni er hér átt við stöðuuppfærslur sem hefjast á sagnorði. Þó eru til undantekningar frá þessari gerð stöðuuppfærslna, sem skoðaðar verða síðar. Sagnorðið í upphafi setningarinnar er í 3. persónu, eintölu, eins og gert sé ráð fyrir því að nafn notandans muni standa fremst og það sé hluti af setningunni. Frumlagi setningarinnar er sleppt, eins og algengt er í dagbókar-, póstkorta- eða símskeytastíl. Pennan stíl mætti fjalla um sem einhvers konar tilbrigði við *núllstíl* (sbr. Höskuldur Þráinsson 2005: 345). Núllstíll lýsir sér þannig að frumlagi er sleppt í setningum sem hefjast á 1. persónuformafni, hvort sem það er í eintölu eða fleirtölu. Raunar má líka sleppa frumlagi 3. persónu, eins og sést í dæmi (45) og (46):

(45)	Snýr vörn í sókn!
(46)	skellir í köku

Stíllinn á þessum setningum líkist samræðustíl og fyrirsagnastíl dagblaða og fréttamiðla á netinu (sbr. Höskuldur Þráinsson 2005: 345-346) Algengt er að sjá frumlagslausar fyrirsagnir eins og: „Skrifar greinar fyrir vefsíðu Locarno“¹² og „Upprættu kannabisparty í miðborginni“.¹³ Að mörgu leyti er vafasamt hvort hægt sé að nota slíkar setningar í sjálfstæðum frásögnum. Lesandinn/áheyrandinn verður að vita um hvern er rætt til að hægt sé að sleppa frumlagi þriðju persónu úr frásögninni. Hins vegar er auðveldara að sleppa frumlaginu ef frásögnin er í fyrstu persónu.

Í ritgerð Evu Aspar Matthíasdóttur (2010), sem áður hefur verið minnst á, var málfar unglings á Fésbókinni kannað. Í ritgerðinni er meðal annars fjallað um stöðuuppfærslur þeirra og hvort unglingsarnir geri sér grein fyrir eða taki tillit til þess að nafn þeirra komi til með að standa fremst í færslunni. Samkvæmt könnun sem gerð var í tengslum við ritgerðina virðist vera nokkuð misjafnt hvort notendur taki tillit til þess að nafnið þeirra muni standa fremst í setningunni eða hvort setningar séu hafðar óháðar nafninu. Sumir taka tillit til þess en aðrir virðast ekki hugsa um það.

Frá því að ritgerð Evu var skrifuð árið 2010 hefur útliti Fésbókarinnar verið

12 Vísir 24. júlí 2012. [Bein slóð: <http://www.visir.is/skrifar-greinar-fyrir-vefsidu-locarno/article/2012120729594>. Sótt 6. 9. 2012.]

13 Vísir 24. júlí 2012. [Bein slóð: <http://www.visir.is/uppraettu-kannabisparty-i-midborginni/article/2012120729630>. Sótt 6. 9. 2012.]

breytt. Árið 2010 var uppsetning stöðuuppfærslna með þeim hætti að textinn sem skrifaður var í stöðuuppfærslureitinn birtist strax á eftir nafni notandans. Nafnið var í sömu línu og stöðuuppfærslan og þannig var hægt að líta svo á að nafnið væri hluti af stöðuuppfærslunni. En eins og vefurinn er settur upp árið 2012 birtist sjálf stöðuuppfærslan fyrir neðan nafn notandans. Þess vegna mætti líta á nafnið sem nokkurs konar fyrirsögn. Fyrir neðan fyrirsögnina birtist textinn sem notandinn hefur skrifaoð. Einnig mætti líta á nafnið sem sviðsleiðbeiningar í handriti að leikriti, sem segja til um það hvaða persóna á orðið hverju sinni í leikritinu. Af 36 stöðuuppfærslum sem athugaðar voru í ritgerð Evu eru 24 uppfærslur þar sem unglingsarnir segja sannarlega frá sjálfum sér. Þar af eru átta uppfærslur sem líta út eins og sjálfsfrásagnir í þriðju persónu, eða þriðjungur þeirra. Þetta er nokkuð hærra hlutfall en í dæmunum sem hér eru skoðuð. Breyting á uppsetningu Fésbókarinnar gæti því hafa haft einhver áhrif á það hvernig notendur segja frá sjálfum sér. Hér fyrir neðan má sjá mismuninn á uppsetningunni:



Beverly Cornell Would love to see you all but am off to the state of the county address tonight. Have fun!

February 3, 2009 at 2:02pm · Report



Danté Tucker i'm trying to be there

February 3, 2009 at 11:56am · Report

Mynd 2: Útlit á stöðuuppfærslum árið 2009.¹⁴



Atli Týr Ægisson

Fyrirsjáanlegasta fréttahelgi ársins.

Líkar þetta · Skrifa athugasemd · fyrir um mínútu ·

Mynd 3: Útlit á stöðuuppfærslum árið 2012.

Þrátt fyrir útlitsbreytingarnar eru ennþá margir sem virðast gera ráð fyrir því að nafnið þeirra sé hluti af stöðuuppfærslunni. Þó kom það dálitið á óvart að færslur með sjálfsfrásögnum í þriðju persónu skuli ekki hafa verið fleiri.

Í sumum af þeim rúmlega 100 stöðuuppfærslunum sem hér eru til umræðu er reyndar óljóst hvort höfundurinn hefur ætlað að segja frá sér í fyrstu eða þriðju persónu. Er það vegna þess að mynd sagnorðanna er eins, hvort sem þau eru í fyrstu eða þriðju

14 Mynd fengin af slóðinni <http://www.tweeteahappens.com/wp-content/uploads/2010/07/Screen-shot-2010-07-11-at-3.42.17-PM.png>.

persónu. Þannig væri hvort tveggja hægt að setja fyrstu og þriðju persónufornöfn fyrir framan setninguna (og raunar annað persónufornafnið líka í dæmi (47), vegna ópersónulegu sagnarinnar) og væru þær jafntækar í hvoru tilfelli fyrir sig. En við greininguna var gert ráð fyrir því að nafn viðkomandi notanda stæði fyrir þriðju persónu en ekki fyrstu persónu, þar sem enginn „ég“ kemur fyrir í setningunni. Ekki var tekið tillit til þess hvort að stór eða lítt stafur stæði fremst í færslunni. Stór stafur í upphafi færslu getur vissulega bent til þess að notandinn hafi hugsað færsluna sem sjálfstæða setningu. Hér er hins vegar fyrst og fremst tekið tillit til myndar sagnorðsins í upphafi setningarinnar og gert ráð fyrir því að nafn notandans sé hluti af setningunni. Þar af leiðandi var einnig gert ráð fyrir því að um þriðju persónu frásögn væri að ræða. Dæmi um slíkar setningar má sjá í dæmum (47)-(50):

(47)	Langar í kínamat og fullt af bjór.
(48)	Svaf í prettán tíma, furðuhress samt.
(49)	er stolt af stráknum [...]
(50)	kominn með lokaenkun í Náttúrufræðini. Fékk 9

Dæmi (50) sker sig dálitið úr dæmunum hér fyrir ofan. Ástæðan er sú að það hefst ekki á „réttu“ sagnorði. Ef nafn höfundarins stæði fyrir framan færsluna sem hluti af setningunni væri setningin ótæk nema ef sagnorðinu *vera* yrði bætt við á milli nafnsins og textans í færslunni. Án sagnorðsins minnir þetta þó á fyrirsagnastíl, þar sem sagnorðinu *vera* er oft sleppt, sbr. fyrirsögnina „Snædrekkinn kominn til Reykjavíkur“¹⁵ Einnig gæti verið að færslan sé hugsuð sem sjálfstæð setning og að nafn höfundarins sé ekki hluti af henni.

Í öðrum uppfærslum fer ekki á milli mála að höfundar segja frá sjálfum sér í þriðju persónu og halda því áfram þar til færslan er á enda. Dæmi um slíkar færslur eru:

(51)	á skilið að fá sér ískaldan Kubuli eftir langan dag.
(52)	finnst vanta fallega skartgripi í líf sitt.
(53)	er annáluð kuldaskræfa sem er búið að vera heitt í allan dag, meira að segja þegar hún fór út úr húsi. Ályktun dagsins: Sumarið er komið:)
(54)	Fór að sjá Svartur á leik. Sá sjálfan sig á hvíta tjaldinu ásamt fleiri stórleikurum, eins og til dæmis [X]. Þetta er klárlega Edduverðlaunamynd næsta árs!
(55)	getur ekki staðið í þessu
(56)	sér páskafrið í hillingum ... það verður bara æði :)

Í dæmunum hér fyrir ofan eru ýmis atriði sem sanna að viðkomandi notendur fjalla um sjálfa sig í þriðju persónu. Í dæmum (51) og (54) sést það á afturbeygða

15 Vísir 14. ágúst 2012. [Bein slóð: <http://www.visir.is/snaedrekinn-kominn-til-reykjavikur/article/2012120819489>. Sótt 6. 9. 2012.]

fornafninu. Ef fyrstu persónuornafn væri sett fyrir framan setningarnar sem innihalda afturbeygðu fornöfnin gætu þær varla talist gildar. Í dæmi (52) kemur afturbeygða eignarornafnið *sitt* fyrir í lok setningarinnar. Eins og í dæmum (51) og (54) væri setningin í dæmi (52) ótæk ef fyrstu persónuornafnið stæði fyrir framan hana. Að vísu væri hún líka ótæk ef nafn notandans stæði fremst í setningunni, þar sem notandanöfn á Fésbókinni birtast ekki öðruvísi en í nefnifalli vegna málfræðilegra takmarka í forritun vefsins, sem áður hefur verið fjallað um (sjá bls. 24-25). En hér er líklegast að höfundur færslunnar geri ráð fyrir að nafn hans standi í réttu falli (*págufalli*) fyrir framan textann. Í dæmum (55) og (56) má greina að um þriðju persónu frásagnir er að ræða þegar sagnorðin í upphafi setninganna eru skoðuð. Þær væru báðar ótækar ef fyrstu persónuornafnið stæði fyrir framan þær. Í dæmi (55) væri að vísu möguleiki að setja annarrar persónuornafnið fyrir framan setninguna. En hér, eins og áður, er gert ráð fyrir því að nafn notandans komi í stað þriðju persónuornafnsins í upphafi setningarinnar. Í dæmi (53) væri hvort tveggja hægt að setja fyrstu- og þriðju persónuornafn fyrir framan setninguna í upphafi. Þriðju persónuornafnið *hún* í seinni hluta setningarinnar vísar hins vegar í nafn notandans í upphafi setningarinnar. Ef þessi færsla ætti við fyrstu persónu yrði seinni hluti setningarinnar líklega: „[...]meira að segja þegar ég fór út úr húsi.“ Líklega teldu margir þessa færslu vera ótæka ef fyrstu persónuornafnið stæði fyrir framan hana.

5.3 Nafnorð í stað persónuornafna

Eins og minnst var á hér að framan er ekki algilt að frásagnir í þriðju persónu á Fésbókinni hefjist á sagnorði eða að frumlagi þeirra sé sleppt. Þrátt fyrir að þessi einkenni vanti bera uppfærslurnar ýmis önnur einkenni þriðju persónu frásagna. Enginn „ég“ kemur við sögu í dæmum af þessu tagi og þess vegna er gert ráð fyrir því að þetta séu þriðju persónu frásagnir. Hér er litið á slíkar stöðuuppfærslur sem sjálfstæðar setningar. Höfundar færslnanna virðast ekki gera ráð fyrir því að nafnið þeirra, sem birtist fyrir framan/ofan færsluna sé hluti af textanum sem þeir skrifna. Þessar stöðuuppfærslur eiga það sameiginlegt að í þeim eru notuð nafnorð (oft ásamt þriðju persónuornafni eða afturbeygðum fornöfnum) sem vísa í höfundana. Í dæmasafninu er langalgengast að nafnorðið *maður* komi við sögu þegar þetta stílbragð er notað, en einnig má finna orð eins og *kallinn* og *prinsessan*. Einnig má sjá dæmi þess að notendur skrifna nafnið sitt í stað fyrstu persónuornafnsins. Dæmi um slíkar stöðuuppfærslur sjást á næstu síðu:

(57)	Maður verður nú bara lasinn þegar maður sér svona...
(58)	Þá er maður bara klár i siðasta vetrardag....
(59)	Jæja, kallinn í skýjunum var að fá sér nýjar græjur [...]
(60)	Nýja klippingin! Lítið skref fyrir mannkynið, en STÓRT skref fyrir [X].
(61)	Jæja þá er búið að fresta tökum þar til kl. 22 eða þegar prinsessan fer yfirleitt að lúlla sér [...]

Í dæmum (57) og (58) væri hægt að taka nafnorðið *maður* út og setja fyrstu persónuformafn í eintölu í staðinn (ásamt því að breyta sagnorðunum í samræmi við það) og væru þessar setningar þá orðnar að fyrstu persónu frásögn. Það væri einnig hægt að gera í dæmi (60), þar sem höfundurinn víesar í sjálfan sig með því að setja nafnið sitt í stað viðeigandi fyrstu persónuformafns. Í dæmum (59) og (61) er málið orðið aðeins flóknara. Í þessum stöðuuppfærslum er notað afturbeygt fornafn og væru þessar setningar ótækar ef fyrstu persónuformafnið væri notað í stað nafnorðanna sem vísa í höfunda færslnanna (í þessu tilviki *kallinn* og *prinsessan*).

Í öðrum færslum þar sem orðið *maður* kemur fyrir er ekki jafnaugljóst hvort höfundar eiga bara við sjálfa sig eða hvort þeir eru að vísa í aðra. Við sumar aðstæður getur orðið *maður* átt við fólk almennt, sem ekki er nafngreint, einkum ef orðið er notað í fleitölu, t.d. í setningum eins og „svona gera menn ekki“ eða „[...]menn segja, að hana hafi rekið síðar af sjó[...]“ (Jón Árnason 1993: 534). Svipuð dæmi úr stöðuuppfærslum af Fésbókinni eru:

(62)	Maður fer auðvitað i sparifötin à svona hætíðardögum!! [...]
(63)	vantar Kassa - hvar fær maður kassa ?
(64)	Er ekki hægt að ráða einhvern til þess að hreinsa úr niðurfallinu í sturtunni hjá manni?

5.4 En hvað svo?

Líklega þykir flestum dálítið undarlegt að segja frá sjálfum sér í þriðju persónu og eiga erfitt með að venjast því. Í venjulegum talmálssamtölum vísa þáttakendur langoftast í sjálfa sig með fyrstu persónuformafninu. Það má til dæmis sjá af skráðum samtölum í bók Þórunnar Blöndal (2005), *Lifandi mál*, og af sýnishornum samtala á heimasíðu verkefnisins *Hvernig tala ungar Íslendingar í byrjun 21. aldar?*, sem Ásta Svavarsdóttir hafði umsjón með.¹⁶ Algengara er að sjálfsfrásagnir í þriðju persónu séu notaðar í ritmáli, eins og fjallað er um á bls. 31-32. Vegna þess að menn eru ekki vanir slíkum frásögnum í talmáli gæti mönnum þótt nokkuð vandræðalegt að nota slíkar frásagnir í ritmáli sem líkist talmáli, eins og á Fésbókinni.

16 Sjá: <http://www.heima.is/atli/rannsokn/>.

Þó að málnotkun á Fésbókinni byggist fyrst og fremst á ritmáli er hún nær talmálseinkennum að því leyti að notendur virðast almennt forðast að segja frá sér í þriðju persónu, einkum ef textinn í stöðuuppfærslum þeirra er mjög langur. Í tilfelli Fésbókarinnar þykir texti í stöðuuppfærslum langur ef hann inniheldur fleiri en tvær setningar, eins og fram kemur á bls. 28. Í mörgum stöðuuppfærslum sem hefjast á þriðju persónu frásögnum, eins og í dænum (51) - (56) hér á undan skipta notendur um persónufornöfn. Almenna reglan er sú að ef höfundar nota sjálfssfrásagnir í þriðju persónu í stöðuuppfærslum er sú frásagnaraðferð aðeins notuð í einni setningu. Ef menn tjá sig í tveimur eða fleiri setningum virðast menn verða ó öruggir með hvernig skuli halda áfram og skipta yfir í fyrstu persónu frásagnir. Í dænum (65) - (68) má sjá hvernig þessi regla birtist. Dæmi (69) er hins vegar undantekning frá reglunni:

(65)	Gírar sig niður eftir 30 tíma vinnuhelgi. Skellti líka í 1 stk efnahagreikning, rekstrarrekning og kennitoluútreikninga og ákvað að ég framtíð míni liggur ekki í bókhaldsvinnu ...
(66)	rifjar upp bjórinн Gullfoss sem fyrirtæki með stórt nafn (Bjórgerð Reykjavíkur eða e-ð álíka) lét framleiða fyrir sig norður á Árskógssandi. Hef ekki séð hann lengi. Hvað varð um þetta kompaní?
(67)	tekur morgunin snemma. Frí frá vinnu til að taka próf í dag. Ég og [X] erum komin á fætur og erum á fullu að lesa...og feisbúkkast.....
(68)	reynir að njóta síðustu daga ævi sinnar sem stelpa. Á fimmtudaginn, í kringum hádegíð, verð ég orðin kona.
(69)	Bakar köku úr 550g af súkkulaði fyrir dömurnar mínar.

Allar stöðuuppfærslurnar í dæmunum hér fyrir ofan hefjast á þriðju persónu frásögnum og gert er ráð fyrir því að nöfn notendanna séu hluti af setningunum, eins og í dænum (51) - (56). Það má sjá af sagnorðunum sem standa fremst í hverju dæmi. Í dæmi (65) kemur auk þess afturbeygt fornafn fyrir framarlega í færslunni, sem vísar í nafn höfundarins. Í dæmi (68) vísar afturbeygða eignarfornafnið til höfundarins. En þriðju persónu frásagnir taka enda í öllum þessum færslum.

Fyrri hluti annarrar setningarinnar í dæmi (65): „Skellti líka í 1 stk efnahagsrekning[...]“ er frumlagslaus, eins og fyrsta setningin. Þar væri hvort tveggja hægt að setja þriðju persónu eða fyrstu persónufornafn fyrir framan. En síðar í sömu setningu sést hvar höfundur notar fyrstu persónu fornafnið til að vísa í sjálfan sig. Svipuð einkenni koma fyrir í dænum (67) og (68). Í dæmi (66) sést að höfundurinn skiptir úr þriðju persónu yfir í fyrstu persónu á annarri setningunni „Hef ekki séð hann lengi.“ Parna er sagnorðið *hafa* í fyrstu persónu, eintölu, öfugt við sagnorðið *riffa* í upphafi færslunnar, sem vísar til þriðju persónu, eintölu.

Stöðuuppfærslan í dæmi 69 er undantekning frá fyrrnefnndri reglu, því hún inniheldur aðeins eina setningu. Eins og í dæmum (65) - (68) hefst hún á sagnorði sem vísar til höfundarins, í þriðju persónu eintölu. Síðasta orðið í setningunni, eignarfornafnið *mínar*, getur hins vegar ekki vísað til þriðju persónu, heldur vísar það í fyrstu persónu, sem er þó ekki til staðar í setningunni. Hér er ekki ljóst hvort höfundur hefur haft í huga. Ef til vill hefur honum þótt óþægilegt að nota þriðju persónu frásögnina áfram og kannski hefur hann ruglast á eignarfornöfnum, þar sem mun eðlilegra er að segja frá sjálfum sér í fyrstu persónu.

Önnur algeng aðferð sem notuð er þegar stöðuuppfærslur innihalda fleiri en eina setningu er sú að beina einungis athyglinni að höfundinum í fyrstu setningunni. Setningarnar sem á eftir koma eru þá „persónulausar“ ef svo má segja. Þar er um að ræða setningar þar sem ekki er ljóst hvort notandinn fjallar um sjálfan sig í fyrstu eða þriðju persónu. Einnig eru það setningar þar sem höfundurinn beinir athyglinni að einhverju öðru en sjálfum sér. Þannig þarf hann ekki að nota fleiri persónufornöfn eða orð sem vísa í hann sjálfan.

(70)	Undirbýr foreldrasamtöl og jútúbar :) kósý fõstudagskvöld :)
(71)	er búinn með dálitla hreyfingu í morgun, nú tekur hreyfingarleysi við.
(72)	finnst tíminn svo fljótur að líða. [X] oer orðin tveggja mánaða.
(73)	Er að komast aftur niður á jörðina eftir yndislega helgi. Nú er það hljómfræðin. Spurning að fara bara út á svalir og sela í þessu dásamlega veðri :) Gleðilegt sumar elsku vinir :)
(74)	horfir með öðru auganu á undanúrlitaleik Hearts og Celtic í skoska bikarnum. Var það endilega heillaspor hjá Eggerti Jónssyni að skipta úr Hearts til þess að sitja á bekknunum hjá botnliði Úlfanna á Englandi?

Í dæmi (70) er gert ráð fyrir því að ný setning hefjist eftir broskallinn og hann gegni þá sama hlutverki og punktur í formlegri stafsetningu. Í næstu setningu beinir notandinn ekki lengur athyglinni að sjálfum sér, heldur lýsir tímanum sem þessi færsla er skrifuð á. Í dæmi (71) beinir notandinn athyglinni að einhverju öðru í seinni hluta setningarinnar. Þar er *hreyfingarleysi* orðið aðalatriðið. Svipuð aðferð kemur fyrir í dæmi (72). Í dæmi (73) koma fyrir einhvers konar vangaveltur og þannig þarf höfundurinn ekki að nota persónufornöfn sem vísa í hann sjálfan. Einnig er nokkuð um að höfundar skrifí spurningar í setningum sem koma á eftir þriðju persónu frásögnum. Þannig komast höfundarnir hjá því að nota fleiri persónufornöfn sem vísa í þá sjálfa. Dæmi (71) - (73) gætu vissulega líka verið frásagnir í fyrstu persónu, en eins og áður er gert ráð fyrir því að þetta séu þriðju persónu frásagnir, þar sem enginn „ég“ er nefndur í færslunni og að nafn höfundarins sé hugsað sem frumlag.

5.5 Samantekt

Af 1.000 stöðuuppfærslum í dæmasafninu eru 388 færslur þar sem höfundar fjalla fyrst og fremst um sjálfa sig. Af þeim inniheldur 101 færsla stílbragðið *illeisma*, eða sjálfssfrásagnir í þriðju persónu. Hér er annars vegað átt við uppfærslur þar sem gert er ráð fyrir því að nafn höfundarins sé frumlag setningarinnar og hins vegað færslur sem innihalda nafnorð í stað fyrstu persónu fornafna. Áður en rannsóknin hófst var það tilfinning höfundar að slíkar sjálfssfrásagnir væru algengari en fyrstu persónu frásagnir og því kom það nokkuð á óvart að aðeins fjórðungur sjálfssfrásagna væri með þessum hætti.

Málfar unglings á Fésbókinni var rannsakað í B. Ed. ritgerð árið 2010. Ef málfar þessara unglings er borið saman við niðurstöður sem hér koma í ljós sést að hlutfall þriðju persónu frásagna var töluvert hærra árið 2010, eða um þriðjungur af sjálfssfrásögnum. Ýmsar ástæður gætu verið fyrir minnkandi hlutfalli. Útlitsbreytingar á Fésbókinni gætu e.t.v. haft einhver áhrif á það hvernig notendur hennar segja frá sjálfum sér.

Mörgum finnst eflaust óþægilegt að segja frá sjálfum sér í þriðju persónu í daglegu máli. Sú virðist einnig vera raunin á Fésbókinni, því yfirleitt nota Fésbókarnotendur ekki nema eina setningu í einu til slíkra frásagna. Margir verða ó öruggir með framhaldið og skipta gjarnan yfir í fyrstu persónu frásagnir ef stöðuuppfærslan er lengri en ein setning. Aðrir virðast meðvitaðri um stílbreytinguna og haga orðum sínum því þannig að þeir geti sleppt því að nota fleiri persónufornöfn. Í venjulegum sjálfssfrásögnum er mun eðlilegra að nota fyrstu persónu frásagnir og því er skiljanlegt að fólk eigi erfitt með að venjast öðru í frásögnum á Fésbókinni.

6. Lokaorð

Þó að málnotkun netnotenda byggist fyrst og fremst á ritmáli er hún að mörgu leyti líkari talmáli. Sameiginlegu tungutaki netnotenda, svokallaðri *netlensku*, hefur verið lýst sem nokkurs konar blöndu af ritmáli og talmáli. Þó er hún nær því að vera ritmál með einkennum talmáls en talmál með einkennum ritmáls. Stundum hefur henni þó verið lýst sem hreinni viðbót við ritmálið og talmálið.

Netnotendur hafa fundið upp ýmsar leiðir við að leggja áherslu á mál sitt í skrifuðum texta á netinu umfram það sem gert er í formlegu ritmáli. Þannig er ritmálið gert óformlegra og líkara talmáli. Til dæmis með endurteknum bókstöfum til að leggja áherslu á tiltekin orð eða endurteknum táknum á borð við upphrópunarmerki og spurningarmerki. Einnig er hægt að leggja áherslu á einstök orð með því að skrifa þau eingöngu með stórum stöfum.

Til að tjá tilfinningar eða svipbrigði í skrifuðum textum hafa verið notaðar ýmsar aðferðir. Sú þekktasta er e.t.v. sviptákn eins og broskallar. Einnig er hægt að skrifa hljóð og „ramma þau inn“ með alls kyns táknum. Þannig er gefið til kynna að hljóðin séu ekki hluti af textanum, heldur gætu þau bent til þess að textann eigi að lesa upphátt með leikrænum tilburðum. Einnig er hægt að skrifa ýmis myndræn táknum sem hægt er að skrifa í ritvinnsluforritum í tölvum. Að lokum má nefna þá aðferð að skrifa hláturrokur.

Annað einkenni netlenskunnar eru ýmsar aðferðir til að stytta textann. Þekktustu aðferðirnar eru skammstafanir. Er hér hvort tveggja átt við skammstafanir sem notaðar hafa verið í formlegu ritmáli og skammstafanir sem netnotendur hafa fundið upp á. Skammstafanir virðast fyrst og fremst gegna því hlutverki að stytta tímann sem það tekur netnotendur að skrifa textann sem þeir vilja koma frá sér. Flestar skammstafanir netlenskunnar eru teknar beint upp úr ensku, sem sýnir hversu sterkt áhrif enskan hefur á netlenskuna. En þó eru einnig til séríslenskar skammstafanir. Önnur aðferð til styttingar er að skrifa orð og orðasambönd með framburðarstafsetningu. Er þá bæði um að ræða framburðarstafsetningu á íslenskum og erlendum orðum.

Notkun greinarmerkjja er frjálsleg í netlensku og hið sama má segja um notkun stórra og lítilla stafa. Stundum er greinarmerkjum sleppt og stundum eru notuð mörg greinarmerki í röð.

Einkennin sem hér hafa verið talin upp voru komin fram löngu áður en Fésbókin varð að veruleika. En þó að svo sé er hægt að finna dæmi um öll þessi einkenni þegar stöðuuppfærslur á Fésbókinni eru skoðaðar. Þetta er gott dæmi um hvernig netnotendur flytja málfarseinkenni sín yfir á nýja miðla eftir því sem þeir koma fram. Netlenskan er

ekki eingöngu bundin við enskumælandi netnotendur, heldur virðist notkun hennar vera eins í meginatriðum, óháð því hvert móðurmál netnotendanna er. Segja má að netlenskan sé alþjóðlegt tungumál eða mállyska sem hægt er að laga að hvaða tungumáli sem er.

Stöðuuppfærslur á Fésbókinni einkennast af fremur stuttum textum og fáum orðum sem skrifuð eru í hvert sinn. Þó að hægt sé að skrifa allt að 60.000 slög í hverri stöðuuppfærslu eru fáir sem nýta sér þann möguleika. Ef orðafjöldi hverrar færslu er skoðaður sést að algengast er að stöðuuppfærslur innihaldi 1-9 lesmálsorð.

Ekki kemur á óvart að nafnorð, sagnorð, lýsingarorð og atviksorð skuli vera stærstu orðflokkarnir á Fésbókinni. Eru þetta sömu niðurstöður og komið hafa fram í svipuðum rannsóknum, til dæmis í orðtíðnirannsókn *Orðabókar Háskólangs* og í *Orðstöðulykli Íslendinga sagna*.

Þegar algengustu orðin voru skoðuð í þessari rannsókn var það athyglisverðast hversu mörg af algengustu nafnorðunum tengjast tíma á einhvern hátt. Einnig vakti það athygli að flest af algengustu lýsingarorðunum lýsa einhverjum jákvæðum eiginleikum. Ekkert af tíu algengustu lýsingarorðunum er beinlínis neikvætt. Þessar niðurstöður benda til þess að Fésbókarnotendur segi mikið frá því hvernig þeir verja tíma sínum og geri það á fremur jákvæðan hátt. Neikvæðar lýsingar og tilfinningar eiga a.m.k. ekki jafn mikið upp á pallborðið á Fésbókinni og þær jákvæðu.

Í 388 stöðuuppfærslum af þeim 1.000 sem hér voru skoðaðar beina höfundarnir athyglinni fyrst og fremst að sjálfum sér. Þar af er 101 stöðuuppfærsla þar sem höfundarnir nota stílbragðið *illeisma*, þ.e. að segja frá sjálfum sér í þriðju persónu. Áður en rannsóknin hófst var það tilfinning höfundar að Fésbókarnotendur segðu meira frá sjálfum sér í þriðju persónu en í fyrstu persónu. En nú er komið í ljós að aðeins rúmlega fjórðungur sjálfssfrásagna af þeim sem hér voru skoðaðar eru í þriðju persónu. Ef til vill hafa breytingar á upsetningu vefsíðunnar haft einhver áhrif á það hvernig notendur segja frá sjálfum sér.

Flestir sem segja frá sjálfum sér í þriðju persónu á Fésbókinni virðast líta svo á að nafn þeirra sé hluti af stöðuuppfærslunni og það komi því í stað frumlags í upphafi setningarinnar. Einnig má finna aðra tegund af slíkum sjálfssfrásögnum. Þar gera höfundar stöðuuppfærslnanna ekki ráð fyrir því að nafn þeirra sé frumlag setningarinnar. Sameiginlegt einkenni þessara frásagna er notkun nafnorða sem vísa í höfundana. Algengast er að nafnorðið *maður* sé notað, en einnig má finna önnur orð. Stundum skrifa menn m.a.s. nafnið sitt í stað fyrstu persónu fornafnsins.

Almenna reglan í sambandi við sjálfsfrásagnir í þriðju persónu er sú að frásagnaraðferðin er aðeins notuð í einni setningu. Notendur sem tjá sig í fleiri en einni setningu forðast yfirleitt að halda þessari frásagnaraðferð áfram. Margir virðast óöruggir með það hvernig halda skuli frásögninni áfram. Sumir skipta yfir í fyrstu persónufrásögn í næstu setningu. Aðrir virðast vera meðvitaðri um vandann við að skipta um persónu í miðri frásögn og haga því orðum sínum þannig að þeir geti forðast að nota fleiri persónuformöfn í setningunum sem á eftir koma. Í venjulegum talmálssamtölum er algengast að menn segi frá sjálfum sér í fyrstu persónu. Því er ekki nema von að mönnum gæti þótt óþægilegt eða vandræðalegt að segja frá sjálfum sér í þriðju persónu í löngum frásögnum.

Eins og fram kom í upphafi er ekki hægt að fjalla um allt sem tengist málafari og málnotkun á Fésbókinni í ritgerð sem þessari og þess vegna var nauðsynlegt að afmarka efnistökin. Ýmislegt fleira væri vert að rannsaka. Til dæmis væri áhugavert að skoða hvort einhver munur sé á sjálfsfrásögnum í þriðju persónu eða öðrum málvarslegum atriðum eftir kyni eða aldurshópum. Annað áhugavert efni væri notkun *like-aðgerðarinnar* og e.t.v. fleiri aðgerða á Fésbókinni sem fela ekki í sér beina málnotkun. Þar væri hægt að athuga hvort hlutverk slíkra aðgerða séu fleiri en að líkja eftir brosi, hlátri eða smáorðum og upphrópunum sem erfitt er að koma á framfæri í ritmáli netlenskunnar. Íslensk þýðing á viðmóti Fésbókarinnar gæti svo orðið sérstakt rannsóknarefnni. Fésbókin er upphaflega miðuð við enskumælandi notendur og þess vegna eru ýmis málvarsatriði sem ekki er boðið upp á í íslenska viðmótinu. Má þar meðal annars nefna fallbeygingar. Til að setningar í íslensku viðmóti Fésbókarinnar verði málfræðilega réttar í íslensku þarf þess vegna að forðast að nota orð öðruvísí en í nefnifalli.

Atriðin sem hér hafa verið nefnd eru aðeins örfá dæmi um efni sem áhugavert væri að rannsaka í tengslum við málfar íslenskra Fésbókarnotenda. Fésbókin er lifandi vettvangur málnotkunar. Þess vegna væri vissulega áhugavert að rannsaka málfar á Fésbókinni betur á meðan hún er enn vinsæl meðal netnotenda og enn bólar ekki á öðrum samskiptamiðli sem líklegur væri til að taka við af vinsældum hennar.

Heimildaskrá

Stöðuuppfærslur af Fésbókinni sem notaðar eru sem dæmi í ritgerðinni eru vissulega mikilvæg heimild sem skipar stóran þátt í ritgerðinni en vegna persónuverndar verða höfundar þeirra ekki nafngreindir.

Ari Páll Kristinsson. 1998. *Handbók um málfar í talmiðlum*. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Auglýsing um greinarmerkjasetningu. 1974. [Bein slóð:
<https://notendur.hi.is/eirikur/greinreg.htm>. Sótt 6. 9. 2012.]

Auglýsing um íslenska stafsetningu. 1977. [Bein slóð:
<https://notendur.hi.is/eirikur/stafsreg.htm>. Sótt 6. 9. 2012.]

Ásta Svavarsdóttir (umsjónarmaður). [Án árs]. *Hvernig tala ungar Íslendingar í byrjun 21. aldar?* <http://www.heima.is/atli/rannsokn/>. [Bein slóð:
<http://www.heima.is/atli/rannsokn/>. Sótt 6. 9. 2012.]

Baron, Naomi S. 1992. *Growing Up with Language: How Children Learn to Talk*. Addison-Wesley Publishing Company, Massachusetts.

Björg Bjarnadóttir. 2006. Díses...omg...skiluru: um málfar á íslenskum bloggsíðum. Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Brynhildur Þórarinsdóttir og Þóroddur Bjarnason. 2010. „Bóklestur íslenskra unglings í alþjóðlegu ljósi“. *Pjóðarspeglinn 2010: Rannsóknir í félagsvísindum XI*: 40-50.

Crystal, David. 2001. *Language and the Internet*. Cambridge University Press, Cambridge.

Daði Ingólfsson. 2003. „Hvað er blogg og hvaðan er það upprunnið?“ *Vísindavefurinn*. <http://visindavefur.hi.is/>. [Bein slóð: <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=3225>. Sótt 6. 9. 2012.]

Eddukvæði. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík, 1990.

Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. „Orðstöðulykill Íslendinga sagna“. *Skáldskaparmál* 1: 54-61.

Eler, Alicia. 2011. „Now you can type 60K+ Characters Into A Facebook Status Update“ *ReadWriteWeb*. <http://www.readwriteweb.com/>. [Bein slóð:
http://www.readwriteweb.com/archives/now_you_can_type_60k_characters_into_a_facebook_st.php. Sótt 6. 9. 2012.]

Eva Ösp Matthíasdóttir. 2010. „Mhhpf a leid i skolann ... “ – um ritmál á fésbókinni og einkenni þess. Ritgerð til B.Ed. gráðu í grunnskólakennarafræðum, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Green, Jonathan. 1987. *Dictionary of Jargon*. Routledge & Kegan Paul Inc., New York.

Greenfield, Patricia Marks og Kaveri Subrahmanyam. 2003. „Online discourse in a teen chatroom: New codes and new modes of coherence in a visual medium“. *Applied Developmental Psychology* 24: 713-738.

Halldór Laxness. 1986. „Davíð Stefánsson fímmtugur“. *Sjálfssagðir hlutir*. 4. útgáfa, bls. 122-129. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Handbók um setningafræði*. Íslensk tunga, III. bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

Höskuldur Þráinsson. 2006. *Handbók um málfræði*. 2. útgáfa. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Hård af Segerstad, Ylva og Sylvana Sofkova Hashemi. 2006. „Learning to Write in the Information Age: A Case Study of Schoolchildren's Writing in Sweden“. Luuk van Waes, Mariëlle Leijten og Christine M. Neuwirth (ritstj.): *Writing and Digital Media*, bls. 49-63. Elsevier, Amsterdam.

Internet World Stats. [Án árs]. „Internet world users by language“.

<http://www.internetworldstats.com>. [Bein slóð:

<http://www.internetworldstats.com/stats7.htm>. Sótt 6. 9. 2012.]

Jón Árnason. 1993. *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri, 1. bindi*. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Bókaútgáfan Þjóðsaga, Reykjavík.

Jón Þ. Þór. 2009. „Aðfaraorð“. *Vigurklerkurinn: Ævisaga Sigurðar prests Stefánssonar rituð af honum sjálfum*, bls. 7-14. Sögufélag Ísfirðinga, Ísafirði.

Jørgen Pind (ritstj.), Friðrik Magnússon og Stefán Briem. 1991. *Íslensk orðtíðníbók*. Orðabók háskólans, Reykjavík.

Kjartan Jónsson. 1997. Að irka á íslensku: Um málfar á íslenskum spjallrásum Internetsins. Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Lára Kristín Unnarsdóttir. 2007. Talmálsáhrif í netspjalli. Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku, Háskóla Íslands, Reykjavík.

Leijten, Mariëlle, Christine M. Neuwirth og Luuk van Waes (ritstjórar). 2006. *Writing and digital media*. Elsevier, Amsterdam.

Niesten, Rivka og Roland Sussex. 2006. „Ludicity and Negotiated Meaning in Internet Chat“. Luuk van Waes, Mariëlle Leijten og Christine M. Neuwirth (ritstj.): *Writing and Digital Media*, bls. 65-75. Elsevier, Amsterdam.

Sigurður Stefánsson. 2009. *Vigurklerkurinn: Ævisaga Sigurðar prests Stefánssonar rituð af honum sjálfum*. Guðfinna M. Hreiðarsdóttir bjó til prentunar. Sögufélag Ísfirðinga, Ísafirði.

Slangurorðabók Snöru. [Án árs]. Einar Björn Magnússon og Guðlaugur Jón Árnason (ritstjórar). [Bein slóð: <http://slangur.snara.is>. Sótt 6. 9. 2012.]

Socialbakers. [Án árs]. „Facebook Statistics by Country“.

<http://www.socialbakers.com/>. [Bein slóð: <http://www.socialbakers.com/facebook-statistics/>. Sótt 6. 9. 2012.]

Urban Dictionary. [Án árs]. [Bein slóð: <http://www.urbandictionary.com/>. Sótt 6. 9. 2012.]

Viswanathan, S. 1969. „Illeism With a Difference“ in Certain Middle Plays of Shakespeare“. *Shakespeare Quarterly* 20: 407-415.

Wikipedia. [Án árs]. „Facebook“. <http://en.wikipedia.org>. [Bein slóð: <http://en.wikipedia.org/wiki/Facebook>. Sótt 6. 9. 2012.]

Wikipedia. [Án árs]. „List of emoticons“. <http://en.wikipedia.org>. [Bein slóð: http://en.wikipedia.org/wiki/List_of_emoticons. Sótt 6. 9. 2012.]

Zimmer, Ben. 2011. The Rise of The Zuckerverb: The New Language of Facebook. *The Atlantic (vefútgáfa)*. <http://www.theatlantic.com>. [Bein slóð: <http://www.theatlantic.com/technology/archive/2011/09/the-rise-of-the-zuckerverb-the-new-language-of-facebook/245897/>. Sótt 6. 9. 2012.]

Þorleifur Hauksson (ritstj.) og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfræði*. Mál og menning, Reykjavík.

Þórunn Blöndal. 2005. *Lifandi mál: Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu*. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.

Þróstur Helgason. 2006. „Miðillinn er málið: Bloggið og tungan“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 26. janúar 2006: 8.